

# ATHUGUN Á STARFSEMI

*Grunnskólans á Þórshöfn*

Unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið  
desember 2011

ATTENTUS  
mannauður & ráðgjöf

Árný Elíasdóttir og Inga B. Hjaltadóttir





## FORMÁLI

---

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á starfsemi Grunnskóla Þórshafnar. Úttekt þessi er unnin á vegum Attentus - mannaúður og ráðgjöf fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Höfundar skýrslunnar eru Árný Elíasdóttir og Inga B. Hjaltadóttir.

Skýrsluhöfundar þakka stjórnendum, starfsfólki, nemendum, foreldrum, skólaráði, fræðslunefnd, sveitarstjórn og öðrum viðmælendum fyrir aðstoð við gagnaöflun og samstarf meðan á úttektinni stóð.

Reykjavík, 16. Desember 2011

Árný Elíasdóttir og Inga B. Hjaltadóttir

# EFNISYFIRLIT

|   |           |
|---|-----------|
| <b>FORMÁLI</b> .....                                    | <b>2</b>  |
| <b>SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM</b> .....                    | <b>5</b>  |
| <b>1. INNGANGUR</b> .....                               | <b>7</b>  |
| 1.1. GAGNAÖFLUN.....                                    | 7         |
| <b>2. SKÓLINN OG UMHVERFI HANS</b> .....                | <b>8</b>  |
| 2.1. ÁHERSLUR OG STEFNA .....                           | 8         |
| 2.2. NEMENDUR OG FJÖLDI Í BEKKJARDEILDUM .....          | 9         |
| 2.3. STARFSMENN .....                                   | 10        |
| 2.3.1. Menntun og starfsaldur.....                      | 10        |
| 2.3.2. Endurmenntun starfsmanna.....                    | 10        |
| 2.4. AÐBÚNAÐUR.....                                     | 11        |
| 2.5. MAT ÚTTEKTARADILA.....                             | 12        |
| <b>3. STJÓRNUN OG REKSTUR</b> .....                     | <b>14</b> |
| 3.1. SKIPURIT OG VERKASKIPTING .....                    | 14        |
| 3.2. VIÐHORF TIL STJÓRNUNAR.....                        | 16        |
| 3.3. STUÐNINGUR SVEITARFÉLAGSINS VIÐ SKÓLASTARFIÐ ..... | 17        |
| 3.4. MAT ÚTTEKTARADILA.....                             | 17        |
| <b>4. SKÓLANÁMSKRÁ</b> .....                            | <b>18</b> |
| 4.1. AUKINN METNAÐUR TIL NÁMS.....                      | 19        |
| 4.2. KENNSLUHÆTTIR.....                                 | 19        |
| 4.3. SKÓLAÞRÓUN OG TILRAUNAVERKEFNI .....               | 21        |
| 4.4. ÁRANGUR SKÓLANS Á SAMRÆMDUM PRÓFUM .....           | 22        |
| 4.5. MAT ÚTTEKTARADILA.....                             | 23        |
| <b>5. YTRI TENGL</b> .....                              | <b>24</b> |
| 5.1. FORELDRAR.....                                     | 24        |
| 5.2. GRENNDARSAMFÉLAG .....                             | 25        |
| 5.3. MAT ÚTTEKTARADILA.....                             | 26        |
| <b>6. STARFSANDI OG SKÓLABRAGUR</b> .....               | <b>27</b> |
| 6.1. EINELTI OG LÍÐAN.....                              | 27        |
| 6.1.1. Niðurstöður kannana .....                        | 27        |
| 6.1.2. Aðgerðir skólans gegn einelti.....               | 28        |
| 6.2. NEMENDAFÉLAG .....                                 | 29        |
| 6.3. MAT ÚTTEKTARADILA.....                             | 29        |
| <b>7. INNRA MAT</b> .....                               | <b>30</b> |
| 7.1. MAT ÚTTEKTARADILA.....                             | 30        |
| <b>8. AGAMÁL OG ÞREPAKERFIÐ</b> .....                   | <b>31</b> |
| 8.1. ÁSTÆÐUR INNLEIÐINGAR ÞREPAKERFIS .....             | 31        |

|            |   |           |
|------------|---|-----------|
| 8.2.       | ÞREPAKERFIÐ; TILGANGUR OG ÚTFÆRSLA .....                            | 31        |
| 8.3.       | LAGALEG UMGJÖRD ÞREPAKERFISINS.....                                 | 32        |
| 8.4.       | ÞJÁLFUN STARFSMANNA .....   | 34        |
| 8.5.       | SKIPULAG ÞREPAKERFISINS, HLUTVERKASKIPTING .....                    | 35        |
| 8.6.       | AÐKOMA NEMENDA OG FORELDRA AÐ ÞRÓUN ÞREPAKERFISINS .....            | 35        |
| 8.7.       | ÞRÓUN ÞREPAKERFISINS Í SKÓLANUM .....                               | 36        |
| 8.8.       | FRAMKVÆMD OG ÁRANGUR ÞREPAKERFISINS .....                           | 38        |
| 8.9.       | VIÐHORF TIL ÞREPAKERFIS.....  | 40        |
| 8.9.1.     | <i>Viðhorf skólustjóra.....</i>                                     | 40        |
| 8.9.2.     | <i>Viðhorf matsnefndar.....</i>                                     | 40        |
| 8.9.3.     | <i>Viðhorf starfsmanna.....</i>                                     | 41        |
| 8.9.5.     | <i>Viðhorf nemenda.....</i>   | 43        |
| 8.9.6.     | <i>Viðhorf sálfræðings.....</i>                                     | 43        |
| 8.9.7.     | <i>Viðhorf fræðslunefndar.....</i>                                  | 44        |
| 8.9.8.     | <i>Viðhorf sveitarstjórnar .....</i>                                | 44        |
| 8.10.      | EINVEST.....  | 44        |
| 8.11.      | MAT ÚTTEKTARADILA .....   | 46        |
| <b>9.</b>  | <b>SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA SVEITARFÉLAGSINS .....</b>                      | <b>47</b> |
| 9.1.       | MAT ÚTTEKTARADILA.....  | 47        |
| <b>10.</b> | <b>NIÐURSTÖÐUR HÖFUNDA .....</b>                                    | <b>49</b> |
| 10.1.      | STYRKLEIKAR OG VEIKLEIKAR .....                                     | 49        |
| 10.2.      | ÓGNANIR OG TÆKIFÆRI .....   | 50        |
| 10.3.      | TILLÖGUR TIL ÚRBÓTA.....  | 50        |
|            | <b>HEIMILDIR .....</b>  | <b>54</b> |
|            | <b>VIÐAUKAR .....</b>   | <b>55</b> |
|            | <i>VIÐAUKI 1 – VIÐMIÐUNARSTUNDASKRÁ OG SKIPTING KENNSLUSTUNDA Í</i> |           |
|            | <i>GRUNNSKÓLA ÞÓRSHAFNAR.....</i>                                   | <i>55</i> |
|            | <i>VIÐAUKI 3 – VAL Í BOÐI UTAN STUNDASKRÁR Í 8. – 10. BEKK.....</i> | <i>58</i> |
|            | <i>VIÐAUKI 4 - ÞREPAKERFIÐ, - GRUNNUR. ....</i>                     | <i>0</i>  |

## SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM

---

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir athugun á afmörkuðum þáttum í starfsemi Grunnskólans á Þórshöfn. Markmiðið með athuguninni er m.a. að leggja mat á stjórnun skólans, skólabrag, samskipti innan hans og samskipti hans við foreldra, skólaráð og fræðslunefnd. Sérstaklega er athugað hvaða áhrif Prepakerfið hefur haft og hvort það samræmist ákvæðum laga um grunnskóla, reglugerða við lögin og aðalnámskrár. Einnig skal athuga hvort Prepakerfið samræmist ákvæðum stjórnsýslulaga.

Úttektin leiðir í ljós að skólastarf í Grunnskólanum á Þórshöfn hefur undanfarin ár ekki uppfyllt lög um grunnskóla, m.a. þar sem ekki hefur verið lokið við vinnu skólanámskrár né unnið fullnægjandi innra mat skólans. Lítið hefur verið um kannanir á líðan nemenda og viðhorfi nemenda, starfsmanna og foreldra.

Svo virðist sem stjórnun skólans hafi verið í miklum ólestri þegar núverandi skólastjóri tók við. Skólaráð var fyrst skipað s.l. vor og hefur aðeins fundað í tvö skipti. Fræðslunefnd og sveitarstjórn styðja vel við skólastjóra og skólann, en hafa á undanförunum árum ekki fylgt því nægilega vel eftir að skólinn uppfylli kröfur laga, s.s. um skólanámskrá. Nú er að frumkvæði fræðslunefndar í fyrsta sinn hafin vinna við skólastefnu sveitarfélagsins. Í sveitarfélaginu hefur verið gerður sáttmáli um bætt samskipti sem að koma fjölmargir aðilar. Sáttmálanum er m.a. ætlað að styðja við íþrótt- og skólastarf.

Núverandi skólastjóri hefur haft frumkvæði að því að byggja upp með samræmdum hætti, nánast frá grunni, faglegt starf við skólann. Mikil vinna við agamál og erfið úrlausnarmál einstakra nemenda hefur tafið það verk. Almenn ánægja er með núverandi skólastjóra, skólabragur hefur batnað og starfsandi er góður í skólanum.

Mikil starfsmannavelta hefur verið við skólann undanfarin ár en skólinn hefur nú á að skipa vel menntuðum starfsmönnum. Báðir stjórnendur og 77% þeirra sem sinna kennslu uppfylla kröfur um réttindi til kennslu á grunnskólastigi og allir utan einn hafa menntun á háskólastigi. Húsnæði skólans hefur verið endurnýjað talsvert á undanförunum árum og tölvukerfi og tölvukostur endurnýjaður. Lítið er um búnað til verklegs náms.

Kennsluhættir, sérstaklega á efri stigum, þar sem agavandamál hafa verið mikil, eru fremur einhæfir og lýðræðisleg þátttaka og val nemenda lítið. Endurmenntun starfsmanna hefur ekki verið markviss og nægilega tengd skólaþróun. Þó hafa einstaka kennarar haft frumkvæði að þróunarverkefnum sem þeir hafa nýtt í kennslu sinni og sótt fræðslu þar að lútandi. Þá er þörf á auknum faglegum stuðningi við skólann varðandi uppbyggu faglegs

starfs og úrlausn erfiðra mála. Samningar sveitarfélagsins um sérfræðiþjónustu eru ekki nægilega vel skilgreindir og þörf á meiri og fjölbreyttari þjónustu en verið hefur.

Samstarf milli skólans, foreldra og grenndarsamfélags hefur verið lítið, en nú virðist gagnkvæmur vilji til að efla þau tengsl. Erfiðlega hefur gengið að fá fulltrúa grenndarsamfélagsins í skólaráð og deildarstjóri sérkennslu er formaður foreldrafélags skólans.

Úttektin leiðir í ljós að Þrepakerfið hefur reynst vel við að taka á erfiðum agavanda hjá efstu bekkjardeildum skólans. Hins vegar hentar kerfið ekki öllum nemendum og sérstaklega hefur einvist verið gagnrýnd og virðist ekki nægjanlega vel og faglega skilgreind. Einvist er túlkuð á mismunandi hátt eftir starfsmönnum sem rætt var við og að einhverju leyti ekki eins og sálfræðingur lagði upp með. Á meðan úttekt þessi stóð yfir var reglugerð nr. 1040/2011 sett og tók þá þegar gildi. Að virtum reglum sem þar koma fram er það mat úttektaraðila að Þrepakerfið standist ákvæði stjórnsýslulaga og grunnskólalaga, að því gefnu að lokið verði nú þegar við að skilgreina betur útfærslu einvistar og að skjölun verði bætt.

Skólinn hefur ýmsar aðgerðir til að taka á einelti en vísbendingar eru um að það sé enn of mikið. Úttektaraðilar hafa ítrekað rekið sig á erfiðleika í litlum sveitarfélögum við að finna úrræði við hæfi fyrir börn með alvarleg þroska- og hegðunarfrávik. Þetta á við á Þórshöfn.

Lagt er til að unnið verði áfram með Þrepakerfið um hríð en Uppbyggingarstefnan muni leysa það smám saman af hólmi. Þrepakerfið verði lagað betur að skólanum í samvinnu við nemendur og foreldra og með aðstoð sálfræðings sem verði skólanum til ráðgjafar allt skólaárið. Einvist verði endurskoðuð og reynt að tengja hana betur úrræðum skólans fyrir nemendur með hegðunar- og námsvandamál t.d. með námsveri sem stuðlar að uppbyggingu nemenda bæði félags- og námslega. Starfsmenn fái reglulega þjálfun og fræðslu um kerfið.

Lokið verði við skólanámskrá fyrir skólaárið 2012-2013 og skólinn hefji markvissa skólaþróun sem viðleitni til umbóta. Mótuð verði símenntunaráætlun fyrir skólann í heild og einstaka starfsmenn og að sveitarfélagið leiti áfram leiða til að styðja við starfsfólk sem vill öðlast kennararéttindi. Unnið verði að innra mati skólans í samvinnu við alla aðila skólasamfélagsins. Sjálfsmatsskýrsla liggja fyrir vorið 2013. Aðkoma nemenda og foreldra að ákvarðanatöku verði aukin og einelti og líðan og viðhorf nemenda, foreldra og starfsmanna skólans verði kannað reglulega, m.a. í samstarfi við aðra skóla og sveitarfélög. Endurskoðaðir verði samningar sveitarfélagsins um sérfræðiþjónustu, þeir verði betur skilgreindir og sérfræðiþjónustu leitað víðar en nú er.

## 1. INNGANGUR

---

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir athugun á afmörkuðum þáttum í starfsemi Grunnskólans á Þórshöfn. Markmiðið með athuguninni er m.a. að leggja mat á stjórnun skólans, skólabrag, samskipti innan hans og samskipti hans við foreldra, skólaráð og fræðslunefnd. Sérstaklega skal athuga hvaða áhrif Þrepakerfið hefur haft og hvort það samræmist ákvæðum laga um grunnskóla, reglugerða við löggin og aðalnámskrár. Einnig skal athuga hvort Þrepakerfið samræmist ákvæðum stjórnsýslulaga.

### 1.1. Gagnaöflun

Athugunin byggir á fyrirliggjandi gögnum tengdum starfsemi skólans (sjá heimildaskrá), viðtölum og skólaheimsókn sem fór fram dagana 9. og 10. nóvember 2011. Úttektaraðilar áttu fundi með sveitarstjóra, fulltrúum úr sveitarstjórn, fræðslunefnd, skólastjóra og skólaráði. Þá var fundað í tveimur hópum með öllum starfsmönnum sem voru við vinnu þegar heimsókn stóð yfir. Í fyrri hópnum voru starfsmenn sem tengjast 8. – 10. bekk en í síðari hópnum þeir sem starfa með 1.- 7. bekk. Þá var fundað með fulltrúum nemenda í 6. – 10. bekk, alls átta nemendum. Haldinn var fundur með foreldrum, þ.e. stjórn foreldrafélags, og sex foreldrum sem úttektaraðilar völdu af handahófi. Mjög góð mæting var á alla fundi og góð þátttaka í umræðum sem þar fóru fram. Sérstaklega ber að nefna 100% mætingu foreldra á foreldrafundinn. Einnig var tekið viðtal við grunnskólafulltrúa/kennsluráðgjafa við Skólaþjónustu Norðurlþings og símaviðtal við deildarstjóra sérkennslu, sem var fjarverandi þegar heimsókn stóð yfir, og sálfræðing hjá Reyni ráðgjafastofu á Akureyri. Á öllum fundum dreifðu úttektaraðilar nafnspjöldum og hvöttu þátttakendur til að hafa samband við sig, vildu þeir koma einhverju á framfæri sem þeir kysu að tjá sig ekki um á fundunum, en enginn nýtti sér það.

Markmiðið með viðtölum og fundum var að fá fram viðhorf mismunandi aðila á starfi skólans og var stuðst við viðtalsramma sem tók mið af þeim þáttum sem mat mennta- og menningarmálaráðuneytisins beindist að. Við úrvinnslu voru gögn metin út frá markmiðum úttektar.



## 2. SKÓLINN OG UMHVERFI HANS

---

Grunnskólinn á Þórshöfn tilheyrir sveitarfélaginu Langanesbyggð. Auk skólans á Þórshöfn er einnig grunnskóli á Bakkafirði. Skóli var fyrst settur á Þórshöfn árið 1900 en áður hafði verið starfsræktur farskóli. Vegna fjárþrenginga og nemendaskorts lagðist námið af eftir þrjá vetur og farskóla haldið áfram. Frá 1933 hefur verið fastur skóli á Þórshöfn. Kennarar við skólann á þessu tímabili hafa verið á annað hundrað og margir þeirra kennt þar í einn vetur. Sami skólastjóri stýrði skólanum í yfir þrjátíu ár en síðustu tvo áratugi hafa margir aðilar komið að stjórnun skólans og talsverðar breytingar verið á hverju ári á kennarahópi hans.<sup>1</sup> Núverandi skólastjóri hóf störf haustið 2010.

### 2.1. Áherslur og stefna

Sveitarfélagið Langanesbyggð hefur ekki unnið skólastefnu. Í erindisbréfi núverandi fræðslu- og menningarnefndar kemur fram að meðal hlutverka hennar sé að móta skólastefnu fyrir sveitarfélagið.<sup>2</sup> Fram kom hjá skólastjóra og fræðslunefnd að hafin væri vinna við gerð stefnunnar. Fræðslunefnd skipaði starfshóp undir forystu eins kennara skólans sem hefur það verkefni að ljúka við nýja skólastefnu og leggja fyrir fræðslunefnd og sveitarstjórn fyrir lok yfirstandandi skólaárs. Í hópnum eru skólastjórar leik- og grunnskóla á svæðinu, formaður fræðslunefndar, kennari við skólann, sem er í forsvari, og fulltrúi foreldra sem hefur góða þekkingu á markmiðasetningu og árangurstengingu markmiða. Í viðtali við skólastjóra kom fram að þessi vinna hafi að nokkru leyti „farið í salt“ þegar úttekt mennta- og menningarmálaráðuneytisins var áformuð. Skólastjóri hefur lagt fram punkta til umræðu sem innlegg í stefnuna. Að hans áliti skiptir miklu að byggja upp góðan vinnustað og minnka starfsmannaveltu sem sé afar brýnt verkefni.

Í sveitarfélaginu hefur verið gerður sáttmáli undir heitinu grundvallarreglur. Hópur, sem stofnaður var að frumkvæði sveitarfélagsins eftir miklar kvartanir víða úr samfélaginu vegna úrræðaleysi gagnvart framkomu hjá unglingum og foreldrum þeirra, vann þessar reglur. Reglurnar hafa verið í gildi í rúmlega tvö ár og hanga víðsvegar uppi í sveitarfélaginu.

Hópurinn hefur stækkað frá því sem fyrst var og taka nú þátt lögreglan, sem er einnig fulltrúi sýslumanns, fulltrúi vímuvarnaráðs, fulltrúi framhaldsdeildar, fulltrúar fræðslunefndar, prestur, skólastjórar, forstöðumaður Íþróttamiðstöðvar, fulltrúi Ungmennafélags Langnesinga, sveitarstjóri, æskulýðsfulltrúi þegar hann var starfandi,

<sup>1</sup> Fundir úttektaraðila með fræðslunefnd og sveitarstjórn Langanesbyggðar 9. nóvember 2011.

<sup>2</sup> Erindisbréf fræðslu- og menningarnefndar Langanesbyggðar.

Samkaup, veitingastaðurinn Eyryn og söluskáli N1.<sup>3</sup> Reglunum er m.a. ætlað að styðja við þjálfara hjá íþróttafélaginu og kennara í skólanum.<sup>4</sup>

Skólastjóri og kennarar greindu frá því að unnið hafi verið að stefnumótun innan skólans s.l. vetur. Allir starfsmenn skólans hafi komið að þeirri vinnu sem hafi falist í að skilgreina markmið skólans og á starfsdögum vorið og haustið 2011 voru sett fram eftirfarandi drög að skólastefnu:

*Grunnskólinn á Þórshöfn hefur það hlutverk að veita nemendum sínum markvissa og góða menntun í jákvæðu og uppbyggilegu umhverfi þar sem fagmennska og árangur ræður för.*

*Skólastarfið byggir á tveimur grunngildum; vinnu og virðingu. a) Vinna, við komum í skólann til að vinna og höfum metnað til að stunda námið af áhuga og heilindum. b) Virðing, við berum virðingu fyrir sjálfum okkur, skólafélögum, starfsfólki skólans og skólanum sem er okkar vinnustaður.<sup>5</sup>*

Markmið núverandi skólaárs eru aukinn metnaður til náms, leið að því marki eru aukin samskipti við foreldra að frumkvæði kennara / skólans.<sup>6</sup>

Grunngildin eru m.a. letruð á peysur skólaliða og kom fram í hópi nemenda sem úttektaraðilar hittu að þeir þekktu grunngildin. Þá er verið að vinna að innleiðingu þeirra m.a. með því að efla samskipti skóla og foreldra með því að auka frumkvæði skólans í samskiptum við foreldra.<sup>7</sup>

Báðir stjórnendur skólans höfðu orð á að þörf sé á utanaðkomandi faglegum stuðningi við skólann í stefnumótunarvinnunni.

## 2.2. Nemendur og fjöldi í bekkjardeildum

Nemendur í skólanum eru nú 73 en urðu flestir 111 árið 1976. Meðalstærð bekkja er 7,4. 1. bekk er kennt sérstaklega en þar eru tíu nemendur, 2. og 3. bekk er kennt saman og þar eru alls 13 nemendur. Samkensla er einnig í 4. og 5. bekk með 14 nemendur og í 6. og 7. bekk með 12 nemendur. Bekkjum á unglíngastigi er kennt hverjum fyrir sig. Í 8. bekk eru sjö nemendur, í 9. bekk eru þeir tíu og í 10. bekk sjö. Myndrit 1 sýnir fjölda og kyn nemenda eftir fæðingarárum:


<sup>3</sup> Upplýsingar frá formanni fræðsluráðs desember 2011.

<sup>4</sup> Eintak af sáttmálanum sem úttektaraðilar fengu í hendur á fundi starfsmanna, upplýsingar frá formanni fræðslunefndar.

<sup>5</sup> Skólanámskrá Grunnskólans á Þórshöfn 2011-2012.

<sup>6</sup> Upplýsingar frá skólastjóra, desember 2011.

<sup>7</sup> Upplýsingar sem fram komu í greiningarviðtölum úttektaraðilar við skólastjóra, nemendur, kennara, aðra starfsmenn skólans og foreldra á Þórshöfn 9. og 10. nóvember 2011.



Myndrit 1: Fjöldi og kyn nemenda eftir fæðingarárum

Fram kom hjá fræðslunefnd og sveitarstjórn að líklegt sé að nemendum fjölgi nokkuð í skólanum á næstu árum að óbreyttu þar sem þó nokkuð sé um að ungt fólk flytji á staðinn m.a. eftir að hafa aflað sér menntunar annar staðar.<sup>8</sup>

### 2.3. Starfsmenn

Starfsmenn eru 24, 19 konur og 5 karlar í alls 18,6 stöðugildum: Skólastjóri, deildarstjóri sérkennslu, 12 kennarar, þrír leiðbeinendur, þrír stuðningsfulltrúar, þrír skólaliðar, og einn baðvörður. Ekki hafa verið gerðar kannanir á viðhorfi starfsmanna til skólastarfsins né er til staðar starfsmannahandbók.<sup>9</sup>

#### 2.3.1. Menntun og starfsaldur

Báðir stjórnendur skólans uppfylla kröfur um réttindi til kennslu á grunnskólastigi og tæp 77% þeirra er sinna kennslu. Sjá nánar menntun kennara, leiðbeinenda og stjórnenda í viðauka 2. Skólastjóri hefur starfað í eitt ár, deildarstjóri sérkennslu í fimm ár en meðalstarfsaldur annarra kennara en leiðbeinenda er tæp fimm ár. Tveir af þrem leiðbeinendum hófu störf s.l. haust, þeir eru báðir með menntun á háskólastigi. Þriðji leiðbeinandinn sem kennir hand- og myndmennt hefur starfað við skólann í fjórtán ár. Meðal lífaldur stjórnenda, kennara og leiðbeinenda er rúmlega 36 ár.

#### 2.3.2. Endurmenntun starfsmanna

Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um endurmenntun starfsmanna s.l. ár. Á fundum með kennurum kom fram að ýmsir kennarar hafa sótt námskeið eftir áhugasviðum og vegna

<sup>8</sup> Fundir með sveitarstjórn og fræðslunefnd 9.nóvember 2011.

<sup>9</sup> Upplýsingar frá skólastjóra október 2011.

þátttöku í þróunarverkefnum (sjá í kafla 4.3. um Skólaþróun). Í tengslum við upptöku þess Prepakerfis sem skólinn notar í eldri bekkjum fengu allir starfsmenn fræðslu haustið 2010. Þá fóru flestir starfsmenn skólans í námsferð til Póllands vorið 2011. Kennarar sóttu allir námskeið á vegum skólaþjónustu Norðurþings sem fram fór á Þórshöfn fyrir starfsmenn skólans um bekkjarfundi á starfsdögum haustið 2011. Þá sóttu flestir kennarar skólans námskeið á Húsavík í ágúst s.l. um samkenndu og teymisvinnu<sup>10</sup>. Endurmenntun starfsmanna er ekki greind sérstaklega út frá þörfum og stefnu skólans og ekki liggur fyrir símenntunaráætlun.<sup>11</sup>

#### 2.4. Aðbúnaður

Skólahúsnæðið skiptist í tvær álmur, önnur er nýtt fyrir yngri nemendur skólans en hin fyrir þá eldri. Stofa er fyrir sérkenndu auk þess sem deildarstjóri sérkenndu er með skrifstofu sem hann nýtir einnig við kenndu. Þessar stofur eru í álmu yngri bekkjadeilda. Í álmu eldri bekkjadeilda er kaffistofa starfsmanna sem var áður heimilisfræðistofa auk vinnuherbergis kennara.

Heimilisfræðistofu var breytt í kaffistofu starfsmanna s.l. vetur og heimilisfræðikennsla hefur ekki farið fram með hefðbundnu formi síðan. Eldri kaffistofu sem rúmaði aðeins brot starfsmanna var þá breytt í einvistarherbergi vegna agakerfis skólans. Þá er herbergi á efri hæð í álmu eldri nemenda, nefnt Saga Class, sem er fyrir nemendur sem hafa áunnið sér rétt í agakerfinu til að njóta þeirra hlunninda að fá aðgang að því herbergi. Einnig er almenn setustofa eldri nemenda, með stórum hornsófa.

Að sögn skólastjóra voru tölvumál í ólestri þegar hann kom til starfa haustið 2010, nettenging seinvirk og ótrygg og kennslutölvur úr sér gengnar. Mikil vinna og mikið fjármagn fór í að endurnýja tölvukerfið og heimasíðu. Nýr tölvuvagn var tekinn í notkun á síðasta skólaári sem markaði þáttaskil í tölvukennslu í skólanum. Með tilkomu tölvuvagnsins losnaði ein kennslustofa sem nú er nýtt í almennri bekkjarkennslu. Í nokkur ár hafa allir kennarar haft fartölvur til eigin afnota.<sup>12</sup>

Engar sérgreinastofur eru í skólanum og takmarkaður búnaður til kennslu sérgreina. Þannig kom fram hjá foreldrum og kennurum að ekki eru til nein tæki til verklegrar kennslu s.s. í raunvísindum. Í stofum var ekki að sjá mikið um slíkan búnað.

<sup>10</sup> Upplýsingar frá skólastjóra, 9. nóvember 2011, frá kennsluráðgjafa skólaþjónustu 10. nóvember 2011 og af fundum með starfsfólki kennara 9. og 10. nóvember 2011.

<sup>11</sup> Upplýsingar frá skólastjóra október 2011.

<sup>12</sup> Upplýsingar frá skólastjóra desember 2011.

Í yngri bekkjardeildum eru hæðarstillanleg borð og stólar, mjög nýlegur búnaður og eru stofurnar vel búnar húsgögnum. Ekki er mikið um hillur og hirslur fyrir námsgögn í stofunum. Í eldri bekkjardeildum eru eldri borð og stólar. Fram kom á fundum með foreldrum, nemendum og starfsmönnum skólans að húsgögnin væru ekki nægilega stór fyrir elstu nemendurna og brýn þörf væri á endurnýjun. Skólastjóri sagði að gert væri ráð fyrir endurnýjun á þessum húsgögnum í fjárhagsáætlun næsta árs.

Skólinn er allur fagurlega skreyttur af nemendum og hefur sú vinna fyrst og fremst farið fram á þemadögum sem haldnir hafa verið s.l. skólaár og aftur nú í haust. Þá eru myndir eftir nemendur festar upp á veggi og hópverkefni.

Íþróttahús og mótuneyti er í nýlegri byggingu við skólahúsið. Skólalóðin er stór, með fótboltavöllum og leiktækjum. Enginn salur er í skólanum eða rúmt miðrymi þar sem hægt er að hafa sameiginlegar uppákomur fyrir skólann. Skólastjóri og fræðslunefnd bentu á að hægt væri að nýta íþróttahúsið og eða félagsheimilið sem stendur við hlið skólans til slíkra nota. Bókasafn er í íþróttahúsi. Skólahúsnæðið var tekið í gegn fyrir nokkrum árum, einangrað og klætt að utan og viðhald fór fram innanhúss.

## 2.5. Mat úttektaraðila

- Mjög jákvætt er að starfshópurinn nú að skólastefnu sveitarfélagsins að frumkvæði fræðslunefndar og nýr skólastjóri hefur haft frumkvæði að vinna við mótun nýrrar stefnu fyrir skólann með aðkoma allra starfsmanna. Áður hafði sveitarfélagið hafði forgöngu um að stofnaður var Grundvallarregluhópur sem hafði það að markmiði að setja saman agareglur fyrir stofnanir samfélagsins.
- Mikilvægt er að halda stefnumótunarvinnunni áfram. Vinnan við stefnu skólans þarf þó að verða enn markvissari og að henni þurfa einnig að koma nemendur, foreldrar og fulltrúar sveitarfélags þannig að fyrir liggi heildstæð stefna skólans sem endurspeglast í skólanámskrá sem tekur mið af lögum, aðalnámskrá og stefnu sveitarfélags.
- Líkleg fjölgun nemenda í skólanum á næstu árum með fjölgun ungra foreldra, sem m.a. hafa starfað og menntað sig annars staðar, gefur skólanum mörg tækifæri til að efla samstarf við foreldra enn frekar.
- Skólinn hefur á að skipa vel menntuðu fólki. Báðir stjórnendur og 77% þeirra sem sinna kennslu uppfylla kröfur um réttindi til kennslu á grunnskólastigi og flestir þeirra hafa menntun á háskólastigi.
- Kennarar hafa sótt sér endurmenntun í áhugasviðum og vegna þátttöku í þróunarverkefnum og flestir starfsmenn skólans fóru í námsferð til Póllands vorið 2011. Þá hefur hluti starfsmanna fengið fræðslu í tengslum við Þrepakerfið. Fyrir skólann í

heild er mikilvægt að í endurmenntun starfsmanna sé lögð áhersla á stefnu skólans og forgangsverkefni og þau þróunar- og umbótaverkefni sem í gangi eru hverju sinni.<sup>13</sup>

- Húsnæði skólans hefur verið endurnýjað töluvert á síðustu árum og á núverandi fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir nýjum húsgögnum í 8. -10 bekk sem er afar brýnt að mati úttektaraðila þar sem núverandi húsgögn eru óviðunandi fyrir marga nemendur. Mikil vinna og fjármagn hefur farið í að endurnýja tölvukerfið og tölvukost skólans. Mikilvægt er að áfram verði hugað vel að þessum þætti þar sem upplýsingatækni er ætlað stórt hlutverk í námi skv. aðalnámskrá með námsgögnum s.s. tölvuforritum, efni á netinu og margmiðlunarefni<sup>14</sup>

---

13 Aðalnámskrá grunnskóla 2011:45

14 Aðalnámskrá grunnskóla 2011:34

### 3. STJÓRNUN OG REKSTUR

---

Rekstur Grunnskólans á Þórshöfn er á ábyrgð og kostnað sveitarfélagsins Langanesbyggðar sem ber ábyrgð á „heildarskipan skólahalds í grunnskólum sveitarfélagsins, þróun einstakra skóla, húsnæði og búnaði grunnskóla, sérúrræðum grunnskóla, sérfræðiþjónustu, mati og eftirliti, öflun og miðlun upplýsinga og á framkvæmd grunnskólastarfs í sveitarfélaginu.”<sup>15</sup>

Fræðslunefnd fer með málefni grunnskólans. Í henni sitja fimm einstaklingar kosnir af sveitarstjórn Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps, fjórir karlar og ein kona. Auk þess sitja þar sem áheyrnarfulltrúar skólastjórar Grunnskólans á Þórshöfn, Grunnskólans á Bakkafirði og leikskólans Barnabóls á Þórshöfn, tveir kennarar og einn fulltrúi foreldra grunnskólabarna og einn fulltrúi foreldra leikskólabarna.<sup>16</sup> Á fundi með fræðslunefnd kom fram að nefndin hafi þurft að verja miklum tíma í að leita að fólki til starfa við skólann.<sup>17</sup>

Skólaráð hefur verið við Grunnskólann á Þórshöfn síðan vorið 2011. Í skólaráðinu eru fulltrúar foreldra, tilnefndir af foreldrafélaginu, fulltrúar kennara kosnir á kennarafundi og fulltrúar nemenda sem voru valdir af kennurum og skólastjóra. Ráðið skal vera samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald og taka þátt í stefnumörkun skólans, fjalla um skólanámskrá, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið.<sup>18</sup> Einn fundur hefur verið haldinn í skólaráði en fundargerð finnst ekki og var því ekki birt á heimasíðu skólans eins og lög gera ráð fyrir. Skólastjóri segist ánægður með að hafa fengið inn mjög öfluga fulltrúa í skólaráðið. Ekki er enn til staðar fulltrúi frá grenndarsamfélaginu í skólaráði, en verið er að undirbúa að fá slíkan aðila inn í ráðið.

Nemendaverndarráð er virkt og fundar einu sinni í mánuði, þegar fulltrúar Skólaþjónustu Norðurþings koma í skólann.

#### 3.1. Skipurit og verkaskipting

Skólastjóri er forstöðumaður grunnskólans, veitir faglega forustu og ber ábyrgð á skólastarfinu gagnvart sveitarstjórn. Einn deildarstjóri starfar við skólann, stýrir sérkennslu og er staðgengill skólastjóra.<sup>19</sup> Starfslýsingar eru til fyrir umsjónarkennara og

---

<sup>15</sup> Lög nr. 91/2008 um grunnskóla, 5. gr.

<sup>16</sup> Lög nr. 91/2008 um grunnskóla, 6. gr.

<sup>17</sup> Fundur með fræðslunefnd 9.nóvember 2011.

<sup>18</sup> Lög nr. 91/2008 um grunnskóla, 8. gr.

<sup>19</sup> Lög nr. 91/2008 um grunnskóla, 7. gr.

stuðningsfulltrúa.<sup>20</sup> Skólastjóri ásamt deildarstjóra sérkennslu átti starfsmannasamtöl við alla kennara og flesta starfsmenn skólans s.l. vor.

Núverandi skólastjóri kom til starfa við skólann haustið 2010 en deildarstjóri hefur starfað við skólann í fimm ár. Fram kom hjá þeim báðum að ákveðin verkaskipting sé þeirra á milli sem sé þó ekki formleg en ávallt hafi gengið vel að leysa úr málum hverju sinni. Í viðtölum við úttektaraðila bar þeim ekki alfarið saman um skiptinguna. Deildarstjóri sérkennslu lýsti verkaskiptingu svo að hann væri ábyrgur fyrir faglegu starfi skólans á meðan skólastjóri hefði yfirumsjón með allri stjórnun og skólastarfinu í heild. Deildarstjóri, kennarar og starfsmenn skóla töldu flestir að verkaskipting milli stjórnendanna væri ekki nægilega skýr og mætti vera formlegri, t.d. með því að til væri skipurit og skýrari starfslýsingar stjórnenda. Það viðhorf kom fram í kennarahópnum að of mikið álag sé á skólastjóra og hann of einn í stjórnun skólans.<sup>21</sup>

Skólastjóri lýsti mjög erfiðri aðkomu að skólanum þegar hann tók við stjórnun hans haustið 2010. Hann hafi ekki tekið við neinum skriflegum ferlum, gögnum eða skýru fyrirbyggjandi skipulagi og þurft að vinna margt frá grunni. Deildarstjóri hafi þó upplýst skólastjóra vel um fyrra skipulag og faglegt starf í skólanum eftir þörfum.<sup>22</sup> Deildarstjóri gat ekki upplýst úttektaraðila um hvers vegna ekkert hafði verið unnið formlega að skólanámskrá eða innra mati m.a. eftir að úttekt á vegum menntamálaráðuneytisins árið 2008 sýndi ófullnægjandi niðurstöðu varðandi sjálfsmat skólans. Hann vísaði til grunnskólalaga um ábyrgð skólastjóra hverju sinni á þessum þáttum.<sup>23</sup>

Skólastjóri sagði síðasta vetur hafa að mestu farið í daglega úrlausn erfiðra mála í skólanum og ekki nægur tími unnist til að hefja vinnu við að stýra uppbyggingu faglegs starfs vegna þessa, en að hann hefði haft frumvæði að því að hafin væri vinna við endurskoðun skólanámskrár.<sup>24</sup>

Fræðslunefnd hefur ekki mótað starfslýsingar fyrir störf skólastjóra eða deildarstjóra sérkennslu eða aðrar formlegar reglur fyrir skólastarfið. Sveitarstjórn taldi að ábyrgðarskipting milli þessara tveggja stjórnenda skólans væri nokkuð skýr. Verkaskiptingin væri sú sama og verið hafði áður en núverandi skólastjóri kom til starfa. Ekki er til starfsmannastefna fyrir starfsmenn sveitarfélagsins/skólans.<sup>25</sup>

<sup>20</sup> Starfslýsingar fengnar frá skólastjóra, október 2011.

<sup>21</sup> Fundir með starfsfólki 10. nóvember 2011.

<sup>22</sup> Viðtal við skólastjóra 9. nóvember 2011.

<sup>23</sup> Símaviðtal við deildarstjóra sérkennslu 16. nóvember 2011.

<sup>24</sup> Viðtal við skólastjóra 9. nóvember 2011.

<sup>25</sup> Upplýsingar sem fram komu á fundi úttektaraðila með fræðslunefnd 9. nóvember 2011.



### 3.2. Viðhorf til stjórnunar

Stjórnun skólans verður hér einungis metin út frá upplýsingum af fundum og viðtölum úttektaaðila og þeim gögnum sem fyrir liggja. Skólinn hefur ekki unnið fullnægjandi sjálfsmat og því hafa ekki verið gerðar kannanir á viðhorfi nemenda, foreldra eða starfsmanna og hvorki liggur fyrir fullmótuð stefna skólans né starfsmannastefna sveitarfélagsins.

Hjá fræðslunefnd, sveitarstjórn og sveitarstjóra kom fram mjög mikil ánægja með störf núverandi skólastjóra og kennara skólans og að samstarf við skólastjóra hafi verið gott. Skólastjóri hafi brugðist vel við öllu því sem óskað hafi verið eftir, framkvæmt það og skilað öllum tilskyldum gögnum til sveitarstjóra. Þá hafi samvinna í tengslum við fjárhagsáætlunargerð verið góð. Starfsáætlun skólans í heild, skóladagatalið, ráðning á kennurum og flest öllu starfsfólki er tekið fyrir í fræðslunefnd hverju sinni<sup>26</sup>. Skólastjóri skilar staðfestum tímaskýrslum til skrifstofu sveitarfélagsins fyrir hvern og einn starfsmann í hverjum mánuði þar sem fram koma fjarvistir og vinnustundir. Fram kom það sjónarmið hjá sveitarstjórn að aðstæður í skólanum sérstaklega síðustu tvö árin áður en núverandi skólastjóri tók við hafi verið mjög erfiðar og að síðasti vetur hafi að mörgu leyti verið kraftaverkavetur, hvað breyttist margt og hratt. Ekki hafi verið unnin greining á því hvað það var sem fór úrskeiðis, en að það væri jafnvel hollt að gera það. Sveitarstjórn upplifi það svo að skólinn sé á réttri leið nú og að það byggist mjög mikið á skólastjóranum „og hennar fólki”<sup>27</sup>.

Í all flestum viðtölum og rýnihópum í úttektinni kom fram almenn ánægja með störf núverandi skólastjóra. Hjá starfsmönnum kom fram að hann hlustaði vel á skoðanir þeirra og ákvarðanir væru teknar hratt og skólastjóri viðhafi lýðræðisleg vinnubrögð í starfsmannahópnum. Þá sé komin mætingaskylda og fastara skipulag á fundi starfsfólks. Fram komu sjónarmið um að fundir mættu vera enn markvissari.

Margir þeirra sem rætt var við í úttektinni voru þeirrar skoðunar að jákvæður árangur hefði náðst í starfi skólans s.l. vetur, sem mætti fyrst og fremst rekja til samstöðu í öflugum starfsmannahópi og samstilltum vinnubrögðum í tengslum við agamál. Einnig hafi sú grunn stefnumótun sem fram fór í skólanum s.l. vetur skilað jákvæðum árangri og skapað með því forsendur til að byggja upp aukið faglegt starf í skólanum. Fram kom í viðtölum og

<sup>26</sup> Fundur með sveitarstjórn 9. nóvember 2011.

<sup>27</sup> Fundur með sveitarstjórn 9. nóvember 2011.

rýnihópum starfsmanna að skólastjóri hafi lagt mikla áherslu á að efla liðsheild og þjappa hópnum saman. Það hafi tekist vel á s.l. skólaári.

### 3.3. Stuðningur sveitarfélagsins við skólastarfið

Skólastjóri og formaður fræðslunefndar lýstu báðir yfir ánægju með samstarf sitt. Á fundi með sveitarstjórn kom fram að stuðningur við skólann hafi verið mjög mikill, reynt hafi verið að forgangsraða í þágu skólans, stundum á kostnað annarra viðfangsefna. Fjárfesting í tölvubúnaði s.l. vetur, tölvuvagn með fartölvum fyrir 6-7 milljónir hafi verið gríðarlega mikil fjárfesting í ekki stærra sveitarfélagi.

Á undanförunum árum hefur sveitarfélagið stutt við starfsfólk sem hefur viljað fara í nám. Gerðir hafa verið samningar, t.d. til fjögurra ára, þar sem starfsfólk hélt fullum launum. Einn starfsmaður leikskólans er nú í námi til að öðlast réttindi leikskólakennara. Á fundi með sveitarstjórn kom fram að sveitarfélagið vildi reyna að gera allt til að styðja slíkt.<sup>28</sup>

### 3.4. Mat úttektaraðila

- Skólaráð var fyrst skipað af núverandi skólastjóra. Ráðið hefur verið lítið virkt og einungis haldið einn fund en þarf í í auknum mæli þátt í stefnumörkun skólans.<sup>29</sup>
- Svo virðist sem stjórnun skólans hafi verið í miklum ólestri þegar núverandi skólastjóri tók við. Skortur var á skriflegum ferlum, gögnum eða skýru fyrirliggjandi skipulagi og þurfti skólastjóri því að vinna margt frá grunni. Auk þess voru mikil agamál í skólanum sem tóku umtalsverðan tíma frá skólastjóra. Verkaskipting stjórnenda virðist ekki nægilega skýr í augum starfsmanna og því aðkallandi að starfslýsingar skýri hana betur. Úttektaraðilar telja að við svo erfiðar aðstæður þurfi skólastjóri á faglegrri stjórnunarráðgjöf að halda.
- Almenn ánægja er með störf núverandi skólastjóra sem hefur lagt mikla áherslu á að efla liðsheild og þjappa starfsmannahópnum saman. Skólastjóri hefur skilað tilskildum gögnum til sveitarfélags að undanskilinni skólanámskrá.
- Fram kom mikill velvilji sveitarfélagsins í garð skólans og skólastjórans. Reynt hefur verið að forgangsraða í þágu skólans í fjárveitingum sem er afar mikilvægt í uppbyggingu hans en góður skóli getur haft mikil áhrif á allt samfélagið og uppbyggingu þess. Mikilvægt er að áfram sveitarfélagið styðji við starfsfólk sem vill sækja sér réttindi til kennslu.

<sup>28</sup> Fundur með sveitarstjórn 9. nóvember 2011.

<sup>29</sup> Lög um grunnskóla 91/2008, 7. gr.

## 4. SKÓLANÁMSKRÁ

*Í hverjum grunnskóla skal gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð þeirra og skal semja þær í samráði við kennara. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólustarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu grunnskóla og aðstæðum og skal endurskoða reglulega.<sup>30</sup>*

Skólafélag ásamt heildstæðri skólanámskrá hefur ekki verið unnin fyrir Grunnskóla Þórshafnar en bekkjarnámskrár liggja fyrir. Núverandi námskrá er að líkum frá 2002-2003, en skv. skólastjóra er hafin vinna við að endurskoða skólanámskrá, m.a. út frá nýrri aðalnámskrá. Fram kom hjá skólastjóra og kennsluráðgjafa hjá Norðurljósi að skólanámskrá frá 2002-2003 hafi ekki verið notuð í skólanum og því í raun ekki unnið skv. neinni skólanámskrá.<sup>31</sup>

Úttektaraðilar inntu sveitarstjórn eftir því hversu hart hefði verið gengið eftir því að skólanámskrá væri unnin og að skólinn skilaði sjálfsmatsáætlun og vísuðu til þess að nýjasta skólanámskráin er frá 2002/2003. Úttektaraðilar tóku fram að þeim hafi ekki verið falið að skoða þetta sérstaklega en sjái það strax að þegar ekki sé til uppfærð skólanámskrá þá vanti alla umgjörð um skólustarfið. Fram kom hjá sveitarstjórn að búið sé að ræða þetta við núverandi stjórnendur skólans og að framundan sé vinna við að koma þessum þáttum í lag.

<sup>32</sup>

Á starfsdegi allra starfsmanna vorið 2011 voru sett ákveðin markmið fyrir skólaárið 2011 – 2012 og leiðir að þeim.<sup>33</sup> Markmiðin eru um aukinn metnað til náms, foreldrasamstarf og agamál. Í bekkjarnámskrám er almennt gerð grein fyrir markmiðum hvernar námsgreinar, kennsluáætlunum, námsefni og námsmati.<sup>34</sup>

Skólastjóri sagðist vilja skoða frekari þróun út frá þeirri vinnu sem nú lægi fyrir við bekkjarnámskrárnar, þannig að kennsluáætlanir verði algerlega einstaklingsmiðaðar, „við ættum að geta það með þessa stærð af skóla og samkenndu”.<sup>35</sup> Það viðhorf kom einnig fram í hópum starfsmanna að mikilvægt væri að vinna áfram að nýrri skólanámskrá.

<sup>30</sup> Lög um grunnskóla nr.91/2008, 29. gr.

<sup>31</sup> Viðtöl við skólastjóra og kennsluráðgjafa hjá Norðurljósi 9. og 10. nóvember 2011.

<sup>32</sup> Fundur með sveitarstjórn 9. nóvember 2011.

<sup>33</sup> Upplýsingar frá skólastjóra október 2011.

<sup>34</sup> Bekkjarnámskrár, sótt af heimasíðu skólans.

<sup>35</sup> Upplýsingar frá skólastjóra í rýnivíðtali við úttektaraðilar 9. nóvember 2011.

#### 4.1. Aukinn metnaður til náms<sup>36</sup>

Markmið skólans skólaárið 2011-2012

***Grunnskólinn á Þórshöfn vinnur markvisst að því að efla fagmennsku og árangur í skólastarfi, - einn liður að því marki er að auka metnað og gæði náms***

##### *a) Kennsluáætlanir og markmiðssetning:*

- *Kennsluáætlanir skulu vera tilbúnar við upphaf haust og vorannar.*
- *Á foreldrafundum og í foreldraviðtölum við upphaf haust og vorannar eru kennsluáætlanirnar rækilega kynntar foreldrum og nemendum.*
- *Nemendur setja sér námsmarkmið við upphaf haust og vorannar á grundvelli kennsluáætlananna og skrifa undir námssamning ásamt foreldrum sínum.*
- *Markmiðunum er fylgt eftir með góðu upplýsingaflæði og reglulegum samskiptum umsjónarkennara og foreldra (einstaklings- / bekkjarbók).*
- *Nemendur með námserfiðleika / greiningar fá einstaklingsnámskrár.*
- *Nemendum verði sýnilegt, m.a. með viðurkenningum fyrir framfarir og góðan námsárangur, að skipulögð vinnubrögð og sjálfsagi borgar sig.*

##### *b) Námstækni og heimanám:*

- *Við upphaf skólaárs sitja nemendur, foreldrar og kennarar námskeið í námstækni.*
- *Heimanámsaðstoð fyrir nemendur 6. – 10. bekkjar.*

##### *c) Skipulagðara skólastarf, lámarka óþarfa uppbrot í kennslu.*

- *Lágmarka óþarfa uppbrot í kennslu, s.s. klósettferðir, viðtölum við nemendur osfrv.*
- *Endurskoða nestistímana.*
- *Skólahjúkrun skipulögð við upphaf skólaárs.*

#### 4.2. Kennsluhættir

Í mörgum bekkjarnámskrám eru tilgreindar margvíslegar kennsluáðferðir.<sup>37</sup> Á fundi með nemendum og foreldrum kom fram að námið væri að mestu bóklegt í öllum greinum á mið- og unglingastigi, sérstaklega á unglingastigi. „Við gerum engar tilraunir, það er fullt af tilraunum í bókinni en við gerum engar tilraunir.” Að sögn skólastjóra er reynt að bæta nemendum upp það sem á vantar í verklegum tímum, s.s. handmennt og myndmennt, með námskeiðum utan venjulegs kennslutíma. Í september var haldið námskeið er snéri að

<sup>36</sup> Markmið skólans fyrir skólaárið 2011-2012 sótt af heimasíðu skólans.

<sup>37</sup> Bekkjarnámskrár sóttar af heimasíðu skólans.

námstækni og hvernig foreldrar geta betur stutt börn sín í nám. Námskeiðið sátu nemendur 6. – 10. bekkjar ásamt foreldrum sínum. Námskeiðið var liður í því að auka metnað til náms sem er eitt af markmiðum skólaársins. Af ýmsum ástæðum hafi hins vegar dregist að halda önnur námskeið sem fyrirhuguð voru en fyrir liggur skipulag um framboð og framkvæmd námskeiðanna á vorönn sem úttektaraðilar fengu afrit af.<sup>38</sup> Sótt hafi verið um undanþágu vegna kennslu í heimilisfræði v/húsnæðismála en hana væri hægt er að fá í tvö ár. Verið sé að velta fyrir sér að færa kennslu í heimilisfræði í félagsheimilið sem er í næsta húsi við skólann, en heimilisfræðistofan var orðin úr sér gengin og óhentug til slíkrar kennslu og var breytt í kaffistofu starfsfólks á þessu skólaári.<sup>39</sup>

Skv. viðmiðunarstundaskrár aðalnámskrár skal í 8.-10 bekk verja 15,48% kennslustunda í list- og verkgreinar eða alls 340 mín á viku. Skv. stundaskrá 8. – 10. bekkjar er myndmennt og handmennt 80 mínútur á viku í 8. bekk en ekki á stundaskrá í 9. og 10. bekk. (sjá viðauka 1.) Í aðalnámskrá kemur fram að skólar skuli hafa „jafnvægi milli bóklegs náms og verklegs og þess gætt að ekki halli á verklegt nám þegar skólastarf er skipulagt.”

Skólinn hefur til eigin ráðstöfunar eða vals nemenda 9,90% stundir á viku. Gert er ráð fyrir að allt að helmingur valstunda sé bundinn list- og verktengdu námi.<sup>40</sup> Einnig er heimilt „að meta tímabundna þátttöku í atvinnulífi, félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfboðastarfi sem nám, enda falli það að markmiðum skólastarfs”.<sup>41</sup>

Nemendur hafa tíu mismunandi valmöguleika, m.a. handmennt/smíðar og sauma, skyndihjálpar, námsráðgjöf, matreiðslu, björgunarsveitaval og vinnu utan skóla. Sjá yfirlit um val í viðauka 3. Haustið 2011 hafa allflestir nemendur í 8.-10. bekk fengið fjórar klst. í námsráðgjöf. Algengasta val nemenda er vinna utan skóla en tólf nemendur af tuttugu og fimm hafa þar fengið metið allt frá átta til fimmtán klukkustundir á mánuði.<sup>42</sup> Sex nemendur fá sex stundir á mánuði í tónlistarskóla metið sem val. Annað velja nemendur ekki. Skv. upplýsingum frá skólastjóra stendur til að fjölga námskeiðum fyrir nemendur á vorönn, skv. áætlun sem liggur fyrir.<sup>43</sup>

Nemendur sem, rætt var við, sögðust allir eiga sín uppáhaldsfög. Þeir sögðust ekki geta komið með mörg dæmi um skemmtilegar kennslustundir en tímar í stærðfræði og handmennt voru nefndir. Það væru ekki margir kennarar sem hlustuðu á þá og sýndu þeim

38 Upplýsingar frá skólastjóra desember 2011.

39 Viðtal við skólastjóra 9. nóvember 2011 og upplýsingar frá skólastjóra í desember 2011.

40 Aðalnámskrá grunnskóla 2011:36

41 Lög nr. 91/2008 um grunnskóla, 26. gr.

42 Upplýsingar frá skólastjóra nóvember 2011.

43 Upplýsingar frá skólastjóra desember 2011.

virðingu. Helst væru það gamli íþróttakennarinn og tölvukennarinn. Þeir væru sjaldan spurðir álits um hvernig námið ætti að vera en mættu þeir ráða væru fleiri verklegir tímar, meiri samvinna, hópvinna og verkleg verkefni, betri borð og stólar, meira nesti en ávexti því sumir væru oft svangir í tímum þar sem ávextirnir gæfu ekki nógu mikla fyllingu fyrir alla. Ávextirnir væru samt góðir með.<sup>44</sup> Þegar skoðanir nemenda um lítil áhrif sín voru bornar undir nokkra starfsmenn skólans samsinntu þeir því að nemendur hefðu ekki mikið um skipulag námsins að segja og það væri eitthvað sem mætti bæta.

Í nýrri aðalanámskrá er einn af grunnþáttum menntunar lýðræði og mannréttindi. Þar segir: „Ábyrgðarkennd nemenda þroskast eftir því sem þeim gefst kostur á að velja viðfangsefni og taka ákvarðanir um eigið nám þannig að það verði þeim merkingabært. Það geta þeir gert innan þeirra marka sem aldur þeirra og þroski leyfir. Ætlast er til að nemendur í grunnskóla taki slíkar ákvarðanir, allt frá byrjun skólagöngu.”<sup>45</sup>

Fram kom það sjónarmið í rýnihópum starfsmanna og í fræðslunefnd að kannski væri full mikil áhersla á vægi sérkennslu við skólann umfram aðrar faglegar áherslur í skólastarfi.<sup>46</sup>

#### 4.3. Skólaþróun og tilraunaverkefni

Skólinn tekur ekki formlega þátt í neinu þróunarverkefni en einstakir kennarar eru þátttakendur í slíkum verkefnum, s.s. *Byrjendalæsi* og þróunarverkefni um *Heilsu og líðan barna*. Skólinn hvetur til heilbrigðra lífshátta og hefur í því skyni breytt reglum um skólanesti, nemendur eru hvattir til að borða hollan og góðan morgunverð áður en þeir koma í skólann og sér skólinn þeim fyrir ávöxtum í nestistímum. Hér er um tilraun að ræða sem verður endurskoðuð um áramót. Deildarstjóri sérkennslu hefur umsjón með báðum verkefnum og hefur farið í námsferð erlendis í tengslum við þróunarverkefni um heilsu og líðan barna.<sup>47</sup>

*Starfstengt nám* er tilraunaverkefni við Grunnskólann á Þórshöfn skólaárið 2011 – 2012 og er unnið í samvinnu við ákveðna vinnustaði á Þórshöfn. Markmið verkefnisins er „að koma til móts við þarfir og áhuga nemenda á unglingastigi (8.- 10. bekkur) sem af einhverjum ástæðum laga sig ekki að hefðbundnu námsframboði skólans.” Verkefnið byggir á 26. gr laga um grunnskóla frá 2008 um að atvinnuþátttaka geti komið í stað valfaga í stundaskrá Ávinningur nemenda skal vera að þeir fái innsýn í vinnumarkaðinn og öðlist reynslu af

44 Haustið 2011 ákváðu stjórnendur skólans í tengslum við þróunarverkefni um *Heilsu og líðan barna* að nemendur hafi eingöngu með sér ávexti í nesti.

45 Aðalnámskrá grunnskóla 2011:48.

46 Fundir með starfsmönnum og fræðslunefnd 9. og 10. nóvember 2011.

47 Upplýsingar frá skólastjóra desember 2011. Símaviðtal við deildarstjóra sérkennslu 16.11.11.

störfum þar en „fyrst og fremst í styrkingu á sjálfsmynd þeirra sem ætti að skila sér inn í námið,<sup>48</sup> Skólinn leitaði til starfsmanns, sem heldur utan um starfstengt nám í grunnskólum Akureyrar, og byggir námið á upplýsingum og gögnum frá honum. Verkefnið hefur að sögn skólustjóra gefist vel.<sup>49</sup>

#### 4.4. Árangur skólans á samræmdum prófum

Tafla 2 sýnir meðaltal skólans á samræmdum könnunarprófum árin 2005-2010 í stærðfræði og íslensku í 4., 7. og 10. bekk samanborið við meðaltal á Norðurlandi eystra. Vegna fámennis skólans er einungis hægt að birta meðaltal þessara ára. Landsmeðaltal er 30 og er Norðurland eystra öll árin örlítið undir því í stærðfræði en um og yfir meðaltal í íslensku. Grunnskólinn á Þórshöfn er í öllum tilfellum undir meðaltali Norðurlands eystra.

*Tafla 2. Meðaltal skólans á samræmdum könnunarprófum 2005-2010 í 4. 7. og 10. bekk samanborið við meðaltal á Norðurlandi*

|                   | Stærðfræði<br>Þórshöfn | Stærðfræði<br>Norðurland | Íslenska<br>Þórshöfn | Íslenska<br>Norðurland |
|-------------------|------------------------|--------------------------|----------------------|------------------------|
| <b>4. bekkur</b>  | 23,9                   | 29,5                     | 24,3                 | 30,5                   |
| <b>7. bekkur</b>  | 20,6                   | 29,5                     | 23,0                 | 30,5                   |
| <b>10. bekkur</b> | 25,0                   | 29,8                     | 27,6                 | 30,0                   |

Ekki er lagt mat á framfarastuðul né settar fram niðurstöður úr PISA, en úttektinni er ekki sérstaklega ætlað að taka til þessara þátta og var því ekki leitað eftir upplýsingum um þá.

S.l. haust hafði kennari 4. bekkjar frumkvæði að því að kalla alla foreldra í sérstakt viðtal til að fara yfir niðurstöður úr samræmdum prófum, en slíkt hefur oft verið gert í skólanum, þó það hafi ekki verið fast viðmið um að það skuli gera. Umsjónarkennari tíunda bekkjar hefur kynnt niðurstöður samræmdra prófa fyrir flestum foreldrum. Þá hefur umsjónarkennari sjötta bekkjar haft samband við alla foreldra og kynnt fyrir þeim niðurstöður greiningarprófsins *Talnalykils*. Til skoðunar er að taka upp samræmd vinnubrögð kennara í skólanum í kjölfar samræmdra prófa.<sup>50</sup>

48 Starfstengt nám, sótt af heimasíðu skólans.

49 Viðtal við skólustjóra 9. nóvember 2011, upplýsingar frá skólustjóra desember 2011.

50 Viðtal við skólustjóra 9. nóvember 2011. Upplýsingar frá skólustjóra desember 2011.

#### 4.5. Mat úttektaraðila

- Erfiðlega gekk að fá upplýsingar um stöðu skólanámskrár og er núverandi námskrá að líkum frá 2002-2003 en að sögn deildarstjóra endurskoðuð að einhverju leyti árið 2007. Úttektaraðilar fengu ekki þá endurskoðun í hendur. Ekki virðist hafa verið unnið skv. neinni skólanámskrá undanfarin ár.
- Að frumkvæði skólastjóra er hafin vinna við nýja skólanámskrá. Afar mikilvægt er að lokið verði við nýja skólanámskrá Grunnskólans á Þórshöfn sem fyrst með aðkomu allra aðila skólasamfélagsins.
- Svo virðist sem kennsluhættir á mið-og unglingastigi, þar sem agavandamál hafa verið hvað mest, séu fremur einhæfir og hvorki mikið um lýðræðislega þátttöku nemenda, val, né verklegar aðferðir sem gæti hugsanlega dregið úr neikvæðum samskiptum.<sup>51</sup> Þá hefur árangur skólans á samræmdum prófum verið langt undir meðaltali Norðurlands og landsins alls. Fram kom að vilji er fyrir því að byggja upp faglegra og fjölbreyttara skólustarf. Því er lagt er til að í vinnu sinni við gerð nýrrar skólanámskrár hefji skólinn markvissa og skipulega skólaþróun sem viðleitni til umbóta í skólanum sem að mati úttektaaðila munu væntanlega skila sér í betri námsárangri og hegðun. Þá telja úttektaraðilar mikilvægt að námið verði betur tengt samfélaginu sem skólinn starfar í og að það sé til þess fallið að skapa gagnkvæma virðingu milli skólans og samfélagsins. Mikilvægt er að samstarf verði milli skóla og nærsamfélags um verkefnið og leitað til sérfræðinga víðs vegar að.
- Skólinn hefur verið langt undir meðaltali Norðurlands og landsins alls á samræmdum prófum. Jákvætt er að til skoðunar er að taka upp sem samræmd vinnubrögð kennara í kjölfar samræmdra prófa.<sup>52</sup>
- Nemendur hafa hingað til haft lítil áhrif á ákvarðanatöku í skólanum. Efla þarf starf nemendafélagsins bæði hvað varðar félagslíf en ekki síður aðkomu þeirra að því sem snertir nám þeirra, líðan og aðbúnað<sup>53</sup> og auka þannig lýðræðislega aðkomu að skólustarfinu.

<sup>51</sup> Aðalnámskrá grunnskóla 2011:32

<sup>52</sup> Viðtal við skólastjóra 9. nóvember 2011. Upplýsingar frá skólastjóra desember 2011.

<sup>53</sup> Aðalnámskrá grunnskóla 2011:49



## 5. YTRI TENGL

### 5.1. Foreldrar

***Meiri samskipti og aukin meðvitund um að við erum öll, foreldrar, kennarar og nemendur, að vinna að sama markmiði, - þ.e. hag og hagsæld nemenda.***

- a) *Meiri og markvissari samskipti og upplýsingaflæði milli heimilis og skóla.*
- *Foreldrum gerð grein fyrir mikilvægi þátttöku þeirra og ábyrgðar.*
  - *Foreldrar leggja sig fram um að styðja við skólann og bekkjarstarfið með það að markmiði að skapa / ýta undir jákvæðan og uppbyggilegan skólabrag.*
  - *Að lágmarki hittast foreldrar og kennarar fjórum sinnum á vetri. Námskynningar (foreldrafundir) ásamt foreldraviðtölum haust og vor.*
  - *Föstudagspóstur sendur foreldrum vikulega þar sem umsjónarkennarar fara yfir síðustu viku og það sem framundan er.*
  - *Símatímarnir nýttir að frumkvæði kennara, m.a. til að fylgja námsmarkmiðum eftir. Muna líka eftir því jákvæða, - vera uppbyggileg í öllum samskiptum.*
  - *Markvissari Mentor.*
  - *Heimanámsaðstoð og kennsluáætlanir rækilega kynnt fyrir foreldrum m.a. í foreldraviðtölum t.d. heima hjá nemendum.*
- b) *Virkja bekkjarfulltrúa.*
- *Umsjónarkennari og bekkjarfulltrúar standa fyrir og skipuleggja bekkjarkvöld a.m.k. tvisvar á vetri, haust og vor, ásamt vorferð í lok skólaárs.*
  - *Bekkarfulltrúar skipuleggja fjáraflanir á vegum bekkjarins m.a. vegna vorferða.”*

54

Hlutverk foreldrafélags er lögum samkvæmt „að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla.”<sup>55</sup> Í aðalnámskrá kemur fram að ákvarðanataka í skólamállum hafi færst nær foreldrum og að virk foreldrafélög gefi foreldrum vettvang til að ræða saman um skólagöngu barna sinna.<sup>56</sup>

Fram kom hjá fulltrúum foreldrafélags að bekkjarfulltrúar starfa við skólann, skipuleggja fjáröflun, atburði fyrir bekkina, ferðir o.fl. Stjórn foreldrafélagsins sinni aðallega fjáröflun, annast jólaböll, öskudagsböll og umsjón með grilli við setningu skólans. Gengið hafi illa að fá foreldra til að starfa í foreldrafélaginu, en það fari batnandi. Þeir foreldrar, sem ekki eru í stjórn foreldrafélagsins, sögðu að hjá þeim hópi hafi ekki verið mikil þátttaka í skólastarfinu nema þegar foreldrar eru boðaðir sérstaklega í skólann. En nú séu nýjar áherslur hjá skólanum þar sem kallað er á foreldra til þess að taka þátt í námi barna sinna, fylgjast með heimanámi, hvetja nemendur til að dragast ekki aftur úr og sinna skólastarfinu.<sup>57</sup>

54 Markmið skólans fyrir skólaárið 2011-2012, sótt af heimasíðu skólans.

55 Lög um grunnskóla nr. 91/2008, 9. gr.

56 Aðalnámskrá grunnskóla 2011:52.

57 Fundur með foreldrum 9. nóvember 2011.

Að hausti og í upphafi vorannar skulu allir kennarar eiga formleg viðtöl við nemendur ásamt foreldrum þar sem sett eru markmið fyrir önnina. Skv. skólastjóra eiga kennarar að nota Mentor og setja þar inn a.m.k. upplýsingar um heimanám og mætingar. Einnig skulu kennarar hafa frumkvæði að reglulegum samskiptum við foreldra hvers nemanda a.m.k. á tveggja mánaða fresti og senda vikulega pistla í tölvupósti til foreldra.<sup>58</sup> Fram kom mikil ánægja hjá foreldrum með föstudagspóstana og einnig þau tilvik þar sem kennarar höfðu frumkvæði að samskiptum. Einhverjar athugasemdir komu frá foreldrum um að tilteknir kennarar nýttu ekki Mentor sem skyldi. Sem hluta af Þrepakerfinu, agakerfi skólans, eru mikil samskipti við heimilin og gerðir samningar með aðkomu foreldra ef upp koma agavandamál. Fram komu ólík sjónarmið meðal foreldra um þessi samskipti við skólann.<sup>59</sup>

Úttektaraðilar fengu engar upplýsingar um að foreldrar hafi komið að ákvörðunum um skólastarfið utan eitt tilvik er varðar ákvörðun um styttingu skólaársins 2011-2012 frá því sem var. Fram kom á fundi með skólaráði að skólaárið hafi verið stytt í kjölfar ábendinga og óska frá foreldrafélaginu. Í skólaráði komu fram athugasemdir um að málið hafi aldrei verið rætt á almennum fundi með foreldrum, ekki hafi verið könnuð almenn afstaða foreldra til málsins. Einnig kom fram það sjónarmið að hætt væri við að þessi stytting bitnaði á gæðum námsins, t.d. hafi verklegum tímum fækkað vegna styttingarinnar en nemendum sem eigi erfitt með bóklegt nám „finnist þeir oft halda uppi vikunni.“<sup>60</sup>

Skv. upplýsingum sem úttektaraðilar fengu hjá kennurum og skólastjóra áttu foreldrar enga aðkomu að ákvarðanatöku varðandi innleiðingu Þrepakerfisins, agakerfi skólans.

## 5.2. Grenndarsamfélag

Fulltrúi grenndarsamfélags á ekki enn sæti í skólaráði en skv. upplýsingum frá skólastjóra og af fundi með skólaráði þá er verið að reyna að finna slíkan fulltrúa. Fram kom hjá kennurum og skólastjóra að kennsluhættir eru ekki markvisst tengdir nærumhverfi skólans og samfélaginu sem skólinn er hluti af. Í aðalnámskrá grunnskóla segir að gera þurfi ráð fyrir „virku samstarfi við grenndarsamfélag innan sveitarfélags eða hverfis...“<sup>61</sup> Skv. skólastjóra er vilji fyrir því innan skólans að auka samstarf við grenndarsamfélagið.

Á fundum og í rýnihópum kom fram að samstarf milli skólans og grenndarsamfélags er lítið en s.l. vetur var gerð tilraun til samstarfs við fyrirtæki um starfsnám (sjá nánar í kafla 4.2

<sup>58</sup> Viðtal við skólastjóra 9. nóvember 2011.

<sup>59</sup> Fundur með foreldrum 9. nóvember 2011.

<sup>60</sup> Fundur með skólaráði 9. nóvember 2011.

<sup>61</sup> Aðalnámskrá grunnskóla 2011:15.

um skólaþróun). Einn nemandi var s.l. vetur í starfsnámi og er annar nú í vetur.<sup>62</sup> Þá hafa nemendahópar farið á sjó í boði sjómanna á staðnum á þemadögum og í lok kærleiksviku s.l. vor fóru allir nemendur og starfsfólk skólans í kærleiksgöngu þar sem fyrirtæki bæjarins voru heimsótt og starfsfólki gefið faðmlag. Tíundi bekkur hefur í vetur farið í tvær fyrirtækjaheimsóknir. Þar að auki fá nemendur að taka val utan skóla hjá ýmsum fyrirtækjum í bænum.<sup>63</sup>

### 5.3. Mat úttektaraðila

- Í aðalnámskrá kemur fram að ákvarðanataka í skólamálum hafi færst nær foreldrum. Ekki hefur verið mikil þátttaka foreldra í skólastarfinu nema þegar þeir eru boðaðir sérstaklega í skólann. Skólinn hefur gert sérstakt átak í að hafa samband við skólann að eigin frumkvæði sem er til fyrirmyndar og er mikil ánægja með reglulega pósta til foreldra. Einstaklega góð mæting og umræður foreldra á fundi með úttektaraðilum gæti verið vísbending um að áhugi foreldra sé að eflast og því mikilvægt að skólinn viðhaldi góðum tengslum ásamt því að foreldrar verði virkir í skólaráði.
- Úttektaraðilar telja mjög óheppilegt að deildarstjóri við skólann sé formaður foreldrafélags hans. Ekki er hægt að sýna fram á að slíkt sé andstætt lögum en getur hins vegar dregið úr trúverðugleika stjórnenda skólans sem stöðu sinnar vegna þurfa oft að taka á erfiðum málum er varða nemendur og foreldra þeirra. Lagt er til að kosinn verði nýr formaður sem allra fyrst.
- Samstarf milli skólans og grenndarsamfélags er frekar lítið og enn hefur ekki tekist að fá fulltrúa þess í skólaráð. Í úttektinni kom fram að vilji er til þess í samfélaginu að auka þessi tengsl og er það afar jákvætt í vegferð samfélagsins að betri skóla en þyrfti að formfesta betur með ákveðnum verkefnum.
- Úttektaraðilar hafa rekið sig á að í litlum samfélögum, þar sem tengsl eru mikil manna á meðal, getur verið flókið að manna öll stig stjórnsýslu grunnskólanna, þ.e. fræðslunefnd, skólaráð og stjórn foreldrafélags sbr. lög þar. Árið 2011 búa 380 manns á Þórshöfn og í Langanesbyggð allri 510 manns. Þar af eru 60 erlendir ríkisborgarar og 154 undir 20 ára aldri. 302 íbúar eru á aldrinum 21 til 70 ára.<sup>64</sup>

<sup>62</sup> Upplýsingar frá skólastjóra nóvember 2011.

<sup>63</sup> Upplýsingar frá skólastjóra desember 2011.

<sup>64</sup> Hagstofa Íslands, upplýsingar sóttar af heimasíðu 11. des. 2011.

## 6. STARFSANDI OG SKÓLABRAGUR

*Nemendur þurfa að læra að umgangast hver annan og allt starfsfólk skóla í sátt og samlyndi og taka ábyrgð á eigin framkomu og hegðun og virða skóla- reglur. Leggja þarf áherslu á námsaga og sjálfsaga nemenda. Til þess að svo megi verða ber starfsfólki skóla í hvívetna að stuðla að góðum starfsanda og gagnkvæmri virðingu allra í skólanum í samstarfi við nemendur, foreldra og starfsfólk. Efla skal félagsfærni nemenda með því að skapa þeim tækifæri til virkrar þátttöku í skólastarfi.<sup>65</sup>*

Ekki hafa verið gerðar kannanir sem skoða starfsanda og skólabrag en í úttektinni kom fram hjá nánast öllum viðmælendum að skólabragur hafi batnað frá því núverandi skólastjóri tók við, m.a. hafi verið tekið á agamálum og lagt upp úr því að gera skólann hlýlegri. Samantekt starfsmannasamtala vorið 2011 staðfestir þetta og að andi meðal starfsmanna sé á þeim tíma góður. Á fundum með starfsfólki kom fram að starfsandinn væri góður þótt hann hefði e.t.v. verið ennþá betri í fyrra. Gleði og húmor ríkti í hópnum og starfsfólk hittist einu sinni í mánuði og gerði sér gláðan dag saman.

### 6.1. Einelti og líðan

#### 6.1.1. Niðurstöður kannana

Starfsmenn Skólaþjónustu Norðurlands áttu frumkvæði að innleiðingu Olweusaráætlunar við skólann fyrir nokkrum árum. Á vegum verkefnis hafa verið gerðar kannanir á einelti.<sup>66</sup> Skólastjóri hafi við upphaf síðasta skólaárs gert kennsluráðgjafa skólaþjónustu grein fyrir því að miðað við þau verkefni sem skólinn stæði frammi fyrir treysti hann sér ekki í formlegt samstarf um Olweusaráætlunina að svo stöddu. Við upphaf þess skólaárs voru níu af tólf kennurum við skólann nýir, allir skólaliðar voru nýir og tveir af þremur stuðningsfulltrúum og illa gekk að manna skólann, vantaði t.d. enn fjóra kennara í byrjun ágúst, skólaliðar fengust þá ekki til starfa og illa gekk að ráða stuðningsfulltrúa. Megináhersla var því lögð á að styrkja starfsmannahópinn. Skólinn hafi hins vegar nýtt sér aðgerðaáætlun Olweusar og skráningarblöðin sem gagnast hafa vel í vinnu gegn einelti.<sup>67</sup> Skólinn tók þannig ekki þátt í Olweusarkönnun árið 2010.<sup>68</sup>

Í Olweusarkönnun haustið 2009 kom í ljós að einelti hafði aukist í skólanum síðan 2007. 16% nemenda sögðu að sér liði illa eða mjög illa í skólanum og hafði hlutfallið hækkað úr 2,1% árið 2007. Þá var hlutfall nemenda í 4.-10. bekk, sem leggja aðra nemendur í einelti, 13,6% og hafði hækkað úr 4,4% 2007. 9,5% stúlkna lögðu aðra í einelti og 17,4% pílta. Um

<sup>65</sup> Aðalnámskrá grunnskóla 2011:32

<sup>66</sup> Viðtal við kennsluráðgjafa Skólaþjónustu Norðurlands. 10. nóvember 2011.

<sup>67</sup> Upplýsingar frá skólastjóra desember 2011.

<sup>68</sup> Viðtal við kennsluráðgjafa hjá Norðurlandi 10.nóvember 2011.

55% nemenda upplifðu að umsjónarkennari gerði lítið eða ekkert til að vinna gegn einelti og hafði hlutfallið hækkað úr rúmum 45% árið 2007.<sup>69</sup> Aukið einelti í Þingeyjarsýslum kom einnig fram í könnuninni *Heilsa og lífskjör skólanema á Norðaustursvæði 2006—2010*.<sup>70</sup>

Á fundi með sveitarstjórn kom fram að aukning á einelti árin 2007-2009 kæmi ekki á óvart þar sem erfitt ástand hafi verið í skólanum á þeim tíma.<sup>71</sup>

### 6.1.2. Aðgerðir skólans gegn einelti

Eineltisáætlun er til við skólann, sérstakur gátlisti liggur fyrir, einnig eyðublað ætlað til að tilkynna einelti. Settar hafa verið ákveðnar reglur um einelti og að sögn skólastjóra eru eineltismál nú rædd reglulega í bekkjunum. Veturinn 2010 - 2011 var sérstök fræðsla um einelti í öllum bekkjum og haldinn fræðslufundur með foreldrum. Gæsla var aukin í skólanum og starfa nú þrjár skólaliðar við skólann og sinna þeir einnig gæslu í matartímum og frímínútum. Eftirlitsmyndavélar eru í skólanum og hafa þær komið að gangi að sögn skólastjóra. Þegar grunur vaknar um einelti er aðgerðaáætlun skólans sett í gang. Rætt er við alla nemendur viðkomandi bekkjar, við þolandann, meinta gerendur og foreldra viðkomandi nemenda. Bekkjarfundir eru haldnir um einelti og samskipti og málinu fylgt eftir með reglulegum samskiptum við þolendur, gerendur og foreldra.<sup>72</sup>

Að sögn skólastjóra komu á vorönn 2011 upp mikil eineltismál. Einstaklingar hafi farið að bera sig upp með mál sem greinilega höfðu viðgengist lengi.<sup>73</sup> Sálfræðingur hjá skólaþjónustunni hafi þá metið það svo að eftir að búíð var að ná einhverjum tókum á agavandanum, sem hafði verið gríðarlegur, hafi skapast það rými sem þurfti til að aðilar gætu borið málið upp.

Skólahjúkrunarfræðingur kemur nú reglulega á ákveðnum tímum í skólann og fara tilteknir nemendur í regluleg viðtöl hjá henni. Nemendur geta nú leitað beint til skólahjúkrunarfræðingsins vegna þessara mála.<sup>74</sup>

Á fundi með foreldrum komu fram þau sjónarmið að börnunum liði nú betur í skólanum en fyrir tveimur árum. Unnið væri með uppbyggingarstefnu<sup>75</sup> í yngstu bekkjum en of mikið væri um einelti frá 6. bekk.

69 Eineltisrannsóknin við Grunnskólann á Þórshöfn, nóvember 2009.

70 Heilsa og lífskjör skólanema á Norðaustursvæði 2006—2010.

71 Fundur með sveitarstjórn 9. nóvember 2011.

72 Upplýsingar frá skólastjóra, desember 2011.

73 Fundur með skólastjóra 9. nóvember 2011, upplýsingar frá skólastjóra desember 2011.

74 Viðtal við skólastjóra 9. nóvember 2011.

75 Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga er hugmyndafræði kennd við uppbyggingarstefnuna (e.restitution) þar sem lögð er áhersla á að

## 6.2. Nemendafélag

*Við grunnskóla skal starfa nemendafélag og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum.<sup>76</sup>*

Við skólann er starfandi nemendafélag og var kosið í stjórn þess nú í haust. Skólastjóri segir að erfitt hafi verið að fá kennara innan skólans til að taka verkefnið að sér og að mati skólastjóra mikilvægt að ráðinn verði á ný íþrótta- og tómsfundafulltrúi Langanesbyggðar, að starfssvið hans verði enn betur tengt starfi skólans en áður var og að hann komi m.a. inn í skólann með umsjón með félagsmálum nemenda. Kennarafundur hefur ályktað um þetta og sent sveitarfélaginu ósk í þá veru. Sveitarstjóri segir vilja til staðar hjá sveitarstjórn til að finna lausn á málinu í samvinnu við skólann þannig að verðandi starfsmaður nýttist bæði skólanum og sveitarfélaginu. Að frumkvæði nemenda kom sveitarstjórn nýlega í heimsókn í skólann og komu þessi mál þá til umræðu.<sup>77</sup>

## 6.3. Mat úttektaraðila

- Í úttektinni kemur fram að skólabragur og starfsandi hafi batnað frá því núverandi skólastjóri tók við, umgengni lagast og skólinn orðinn hlýlegri. Ekki hafa verið gerðar reglulegar kannanir á skólabrag og líðan starfsmanna en mikilvægt er að svo verði gert og leitað samstarfs við önnur sveitarfélög svo skólinn geti fylgst með breytingum sem verða en einnig borið sig saman við aðra skóla.
- Skólinn tók þátt í Olweusarkönnunum árin 2007 og 2009 og hafði einelti þá aukist tölvuvert á milli ára. Unnið hefur verið enn frekar að aðgerðum gegn einelti sem er mjög jákvætt. Vegna anna við önnur verkefni s.l. skólaár var einelti ekki kannað á vegum Olweusverkefnisins en úttektaraðilar telja mjög mikilvægt að skólinn verði áfram með í þeirri könnun og jafnvel einnig Skólapulsi svo skoða megi stöðu eineltis og líðan í skólanum og fá samanburð við aðra skóla.
- Nemendafélag skólans hefur ekki verið nægilega virkt. Til þess að það geti sinnt hlutverki sínu sem best er mikilvægt að það fái aðstoð eftir þörfum<sup>78</sup> og sveitarfélagið finni sem fyrst lausn á því að starfsmaður verði nemendafélaginu innan handar.

kenna börnum og unglingum sjálfsga, sjálfstjórn og ýta undir sjálfstraust. Sjá Guðlaug Erla Gunnarsdóttir og Magni Hjálmarsson. (2007).

Uppeldi til ábyrgðar. Uppbygging sjálfsga. Grein.

76 Lög um grunnskóla nr. 91/2008, 10. gr.

77 Símtal við sveitarstjóra Langanesbyggðar nóvember 2011.

78 Lög um grunnskóla nr. 91/2008, 10. gr.

## 7. INNRA MAT

---

*Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Grunnskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.<sup>79</sup>*

Við úttektir á innra mati skóla er skoðuð áætlun um innra mat skólans og niðurstöður úr fyrra mati ásamt umbótaáætlun. Hjá skólanum liggur ekki fyrir fullnægjandi innra mat, vísir að mati var unnið fyrir árið 2007 en það mat var metið ófullnægjandi í úttekt menntamálaráðuneytisins 2008. Síðan þá hefur ekkert verið gert varðandi innra mat.

Þá vakti athygli úttektaraðila að sum af þeim gögnum sem skólastjóri lét finna til handa þeim skv. beiðni, hafði skólastjóri ekki séð sjálfur áður né verið kynnt, þ.á.m. úttekt menntamálaráðuneytisins.

### 7.1. Mat úttektaraðila

- Ekkert hefur verið unnið í innra mati skólans síðan 2007. Afar brýnt er að svo verði þar sem matið er mikilvægur þáttur í að byggja upp metnaðarfullt skólastarf. Matið þarf að vinna í samvinnu við alla aðila skólasamfélagsins.

---

<sup>79</sup> Lög um grunnskóla nr. 91/2008, 36.gr..

## 8. AGAMÁL OG ÞREPAKERFIÐ

---

Haustið 2010 var ákveðið að vinna með agamál og uppræta ákveðin agavandamál í Grunnskólanum á Þórshöfn á þeim forsendum að nemendur sem hafi tileinkað sér sjálfsaga og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum líði vel og séu ánægðir í skólanum. Leitað var aðstoðar hjá ráðgjafastofu og ákveðið að taka upp svokallað *Þrepakerfi* á mið- og unglingastigi.<sup>80</sup> Fræðslunefnd hefur formlega samþykkt Þrepakerfið við skólann.<sup>81</sup>

### 8.1. Ástæður innleiðingar Þrepakerfis

Skv. upplýsingum frá skólastjóra, fræðslunefnd og sveitarstjórn voru mikil agavandamál í skólanum þegar núverandi skólastjóri kom til starfa haustið 2010. Þetta sjónarmið var einnig ríkjandi hjá hópi foreldra sem úttektaraðilar hittu og hjá kennurum og öðrum starfsmönnum skólans. Þó kom fram sú skoðun hjá nokkrum starfsmönnum/kennurum að gagnrýni á óstjórn í skólanum fyrir haustið 2010 væri full óvægin að þeirra mati.

Skömmu eftir að skólastjóri hóf störf ræddi hann við sálfræðing um agamál í skólanum. Sálfræðingur mat stöðuna svo í þeirra samtali að væntanlega þyrfti að taka upp einhvers konar kerfi. Þrepakerfið, sem síðan var tekið upp, hafði verið notað á Ólafsfirði, í einum bekk og í Dalvíkurskóla.<sup>82</sup>

Sálfræðingurinn sagðist aldrei hafa séð eins neikvæðar niðurstöður í greiningu eins og þeirri sem hann vann í skólanum. Daginn sem sálfræðingurinn hann kom hafði t.d. verið slett jógúrt uppá vegg og skóm slengt um allt í forstofu. Sálfræðingurinn hefur unnið með agamál í skólum í áraraðir og sagðist aldrei séð svo almennt slæma hegðun í einstökum skóla. Það hafi verið hans mat að brýnt væri að ná tókum á agamálunum í skólanum.<sup>83</sup>

### 8.2. Þrepakerfið; tilgangur og útfærsla

Tilgangur Þrepakerfisins er að tryggja að jákvæð hegðun skili nemendum eftirsóknarverðri og jákvæðri niðurstöðu. „Lögð er áhersla á að dvelja ekki við neikvæðu hegðunina, heldur leggja alla áherslu á að undirstrika jákvæða hegðun, leiðbeina um hana og styðja og hvetja nemendur til að ná betri árangri með jákvæðri hegðun. Góða hegðun sýnir nemandinn með vinnuástandun, með því á taka ábyrgð á gerðum sínum og með því að sýna sjálfum sér og

<sup>80</sup> Upplýsingar frá skólastjóra október 2011.

<sup>81</sup> Fundur með fræðslunefnd 9.nóvember 2011.

<sup>82</sup> Upplýsingar fengnar á fundi úttektaraðila með skólastjóra 9. nóvember 2011.

<sup>83</sup> Símaviðtal við sálfræðing 16. nóvember 2011



öðrum virðingu.”<sup>84</sup> Byggt er á fimm þrepum: 1. Byrjunarþrepi; 2. Jákvæðniþrepi; 3. Þátttökuþrepi; 4. Ábyrgðarþrepi og 5. Ofurþrepi.

Allir nemendur skólans byrja á þriðja þrepi, Þátttökuþrepi. Þar hefur nemandinn öll þau réttindi sem skólinn veitir honum, svo sem að taka þátt í félagsstarfi skólans. Fari nemandinn ekki að reglum skólans og hefur fengið áminningu er hann felldur niður á annað þrep. Á hverju þrepi á nemandinn að geta áunnið sér traust og komist þannig á hærra þrep, þegar hann hefur sýnt að hægt er að treysta honum til að hegða sér eins og til er ætlast, þ.e. þegar hann er farinn að taka ábyrgð á hegðun sinni. Hærrí þrepastaða þýðir m.ö.o. að aukin ábyrgð á sjálfum sér leiðir til aukinna réttinda og „fríðinda.”<sup>85</sup> Í grunnskólanum á Þórshöfn er beitt umbunum svo sem ferðalögum, val tímum, umbunum frá foreldrum og samfélagi og refsingum svo sem einvist, útilokun, t.d. frá samskiptum við skólafélaga og íþrótt- og tómsundastarfi og félagsstarfi í skólanum.<sup>86</sup> Aðilar skólasamfélagsins hafa samkvæmt kerfinu skilgreind hlutverk.<sup>87</sup>

### 8.3. Lagaleg umgjörð Þrepakerfisins

Skv. lögum um grunnskóla skal setja skólareglur í grunnskólum þar sem skal m.a. kveða á um almenna umgengi, samskipti, stundvísi, ástundun náms og heilbrigðar lífsvenjur. Í reglunum skal koma fram hvernig skólinn hyggst bregðast við brotum á þeim. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð skólareglna og kynningu þeirra og skulu þær unnar í samráði við skólaráð og fulltrúa nemenda í skólaráði.<sup>88</sup>

Þann 7. nóvember s.l. tók gildi ný reglugerð, nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins. Reglugerðin skýrir m.a. ábyrgð og skyldur nemenda og foreldra í skólustarfi og markar ramma varðandi úrræði skóla vegna agavanda nemenda. Skv. reglugerðinni ber nú að kynna skólareglur árlega fyrir nemendum og foreldrum þeirra. Þá setur reglugerðin nánari ramma um það hvað skólareglur skuli innihalda.

*Í skólareglum skal m.a. kveðið á um almenna umgengi, samskipti, háttsemi, stundvísi, ástundun náms, hollustu og heilbrigðar lífsvenjur, ábyrgð, réttindi og skyldur. Í reglunum skal koma fram hvernig skólinn hyggst bregðast við brotum á þeim.<sup>89</sup>*

84 Úr bréfi Reynis ráðgjafastofu til mennta- og menningarmálaráðuneytisins 1. sept. 2011.

85 Úr bréfi Reynis ráðgjafastofu til mennta- og menningarmálaráðuneytisins 1. sept. 2011

86 Þrepakerfið uppbygging.

87 Úr bréfi Reynis ráðgjafastofu til mennta- og menningarmálaráðuneytisins 1. sept. 2011

88 Lög um grunnskóla nr. 91/2008, 30. gr.

89 3. mgr. 9. gr. rg. nr. 1040/2011.

Skv. 10. gr. rg. nr. 1040/2011 skal setja reglur um viðbrögð við brotum á skólareglum. Gert er ráð fyrir samráði við nemendur og foreldra við samningu reglnanna og kynningu á þeim.

*Viðbrögð skulu vera markviss og til þess fallin að stuðla að jákvæðum skólabrag, bættri hegðun nemenda, aukinni ábyrgð og áhuga á menntun og miða að því að styrkja sjálfsmynd nemenda. Viðbrögð við brotum á skólareglum skulu vera í samræmi við brotið og ávallt skal velja vægasta úrræðið sem er til þess fallið að ná fram settu markmiði. Gæta skal jafnræðis og samræmis í viðbrögðum og taka tillit til aðstæðna hvers og eins. Óheimilt er að nota skráningarkerfi á þann hátt að uppsafnaðir refsipunktur leiði sjálfvirkt til agaviðbragða.”<sup>90</sup>*

Brot á skólareglum skal í fyrstu leiða til þess að kennari ræði við nemanda um hegðun hans, til að hann geri sér grein fyrir broti sínu, ábyrgð sinni og afleiðingum brots.

*Kennari skal hafa samráð við foreldra í samræmi við eðli máls og leita aðstoðar skólastjórnenda og sérfróðra ráðgjafa skólans sem leita leiða til úrbóta, eftir atvikum að teknu tilliti til hlutverks barnaverndaryfirvalda. Leggja skal áherslu á að leitað sé eftir samkomulagi og sáttaleidum. Veita skal nemendum stuðning sýni þeir af sér óeskilega hegðun og/eda slaka ástundun og leitast við að koma skólagöngu þeirra í viðunandi horf í samstarfi við foreldra. Taka skal tillit til aðstæðna og þarfa nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Nýta skal til fullnustu allar þær leiðir sem skólinn hefur tiltækar til að leita lausna og ráða bót á hegðun nemenda, að teknu tilliti til þroska þeirra, félagslegra eða tilfinningalegra erfiðleika, eða aðstæðna að öðru leyti. Hegði nemandi sér í ósamræmi við skólareglur utan skólatíma telst það almennt ekki brot á skólareglum, nema þegar t.d. er um að ræða einelti eða annað ofbeldi sem á sér stað á leið nemanda til og frá skóla. Fer þá um viðbrögð í samræmi við skólareglur.”<sup>91</sup>*

*„Ef nemendur brjóta ítrekað gegn skólareglum skal umsjónarkennari leita orsaka og reyna að ráða á því bót, m.a. með viðtölum við nemandann sjálfan og foreldra hans og eftir atvikum með samningum. Sérstaklega skal skoða þroska nemanda, náms- og kennsluhætti, skólabrag, samsetningu námshópa, aðstæður í nemenda- og félagahópnum, samskipti kennara og nemenda og samstarf heimila og skóla.”<sup>92</sup>*

Verði ekki breyting á til batnaðar ber kennara að leita aðstoðar skólastjórnenda og sérfróðra ráðgjafa skólans á vegum sérfræðipjónustu sveitarfélaga, sem skulu leita leiða til úrbóta, að teknu tilliti til hlutverks nemendaverndarráðs og hlutverks barnaverndaryfirvalda.<sup>93</sup>

*Gagnvart nemanda sem virðir ekki skólareglur, þrátt fyrir undangengnar aðvaranir og áminningar, má grípa til þeirra viðbragða að taka nemanda úr kennslu og láta hann fást við önnur viðfangsefni það sem eftir lifir skóladags. Einnig er heimilt að vísa nemanda tímabundið úr kennslustundum í ákvedinni námsgrein. Jafnframt er heimilt að meina nemanda þátttöku í félags- og tómstundastarfi á vegum skólans vegna agabrota í félags- og tómstundastarfi. Tryggja skal að nemandi sé í umsjón starfsfólks á vegum skólans á skólatíma eða í öðru kennsluúrræði innan skólans. Einnig er hægt að kalla eftir því að foreldri sæki viðkomandi nemanda í skólann.<sup>94</sup>*

90 10. gr. rg. nr. 1040/2011.

91 11. gr. rg. nr. 1040/2011.

92 1. mgr. 12. gr. rg. nr. 1040/2011.

93 2. mgr. 12. gr. rg. nr. 1040/2011.

94 3. mgr. 12. gr. rg. nr. 1040/2011.

*Ef nemandi virðir enn ekki skólareglur og ítrekuð brot hans á skólareglum eru alvarleg má vísa nemanda um stundarsakir úr skóla á meðan reynt er að finna lausn á máli hans, að hámarki eina kennsluviku. Ef allt um þrýtur og brot nemanda eru mjög alvarleg, s.s. ef hann veldur öðrum skaða eða eignatjóni, er heimilt að víkja honum ótímabundið úr skóla. Það skal þó ekki gert fyrr en allar aðrar leiðir hafa verið reyndar.<sup>95</sup>*

Reglugerðin kveður líka á um það hvernig beri að fara með þegar þarf að beita líkamlegu inngrípi til að stöðva hegðun nemanda og hvenær slíkt sé heimilt. Þá skuli vera til verklagsreglur unnar af starfsfólki skóla vegna tilvika þegar nauðsynlegt er að grípa til tafarlausra aðgerða þegar stöðva þarf óásættanlega hegðun nemanda, bregðast við hótunum eða rökstuddur grunur er um að nemandi sé undir áhrifum vímuefna.<sup>96</sup>

Einstaka ákvarðanir um agaviðbrögð, svo sem að vísa nemanda úr tíma, vísa nemanda heim það sem eftir lifir skóladegi teljast ekki stjórnvaldsákvörðun og gilda því ekki reglur stjórnáskilslutaga s.s. um andmælarétt um þær ákvarðanir. Ákvörðun um að vísa nemanda úr skóla telst hins vegar stjórnvaldsákvörðun og gilda því ríkar kröfur um málsmeðferð í slíkum tilvikum.<sup>97</sup>

Þessar reglur eru nýjar og voru ekki í gildi þegar Þrepakerfið var innleitt.

#### 8.4. Þjálfun starfsmanna

Þjálfun starfsmanna vegna innleiðingar Þrepakerfis fór fram á tveimur fundum með sálfræðingnum haustið 2010, í fyrra skiptið fyrir innleiðingu en í síðara skiptið eftir að kerfið hafði verið innleitt. Auk þess fékk skólastjóri ráðgjöf í síma í nokkur skipti. Sálfræðingur hefur ekki komið að þjálfun starfsmanna frá þeim tíma. Þá var unnið með Þrepakerfið á starfsdögum starfsmanna vorið 2011 og kerfið kynnt og aðlagð á starfsmannafundi haustið 2011. Haustið 2011 voru sjö kennarar að koma til starfa sem störfuðu ekki við skólann skólaárið 2010 – 2011.<sup>98</sup>

Sálfræðingurinn sagðist hafa lagt áherslu á það í þjálfun kennara, að til þess að kerfið nái árangri sé mikilvægt að dvelja ekki við neikvæðu hegðunina og gera kerfið að refsingakerfi heldur undirstrika jákvæðu hegðunina og leggja megináhersluna á hana.<sup>99</sup>

Fram kom hjá teymi því sem leiðir vinnuna við Þrepakerfið að margt nýtt starfsfólk í upphafi núverandi skólaárs hafi reynt erfitt varðandi Þrepakerfið. Þá séu erfiðleikar varðandi

<sup>95</sup> 4. mgr. 12. gr. rg. nr. 1040/2011.

<sup>96</sup> 13. gr. rg. nr. 1040/2011.

<sup>97</sup> 14. gr. rg. nr. 1040/2011.

<sup>98</sup> Viðtal við skólastjóra 9. nóvember 2011, fundur með matsnefnd þrepakerfis 9. nóvember 2011, fundir með starfsfólki 9. og 10. nóvember 2011, fundur með skólastjóra og einum nefndarmanni matsnefndar 10. nóvember 2011 og símaviðtal við sálfræðing 16. nóvember 2011. Fimm þeirra höfðu þó áður kennt við skólann. Upplýsingar frá skólastjóra í desember 2011.

<sup>99</sup> Síamaviðtal við sálfræðing 16. nóvember 2011.

kennara sem séu í litlu starfshlutfalli og tengist ekki vel inn í skólastarfið. Matsnefnd segir aðlögun vera í gangi með nýju kennarana og að tengja skólaliðana betur inní Þrepakerfið. Þegar nýir starfsmenn koma í skólann er ekki til skilgreint ferli við að kynna þeim kerfið og fræða um það. Skv. matsnefnd fór kynning fram á kennarafundum síðastliðið haust og í fyrrahaust.<sup>100</sup>

## 8.5. Skipulag þrepakerfisins, hlutverkaskipting

Upphafleg hlutverkaskipting í kerfinu var skilgreind skv. ráðleggingum sálfræðingsins og sagðist hann meta það svo að hún hafi verið skýr.<sup>101</sup> Fram kom hjá matsnefnd að hlutverkaskipting hafi verið endurskoðuð frá því að kerfið var innleitt. Frá upphafi hafi verið nauðsynlegt að nefndin stjórnaði kerfinu með skólastjóra til að samræma áherslur, annars hefði framkvæmdin orðið mjög ólík eftir kennurum. Nefndin og umsjónarkennarar hafi nú tekið á sig aukið hlutverk sem hafi aukið svigrúm skólastjóra til annarra verka. Matsnefndin fundi að lágmarki hálfsmánaðarlega og nemandi sé aldrei færður niður nema skv. ákvörðun nefndarinnar. Úttektaraðilar fengu ekki upplýsingar um ferli fyrir jákvæða endurgjöf um hegðun nemenda í Þrepakerfinu.

Stýring kerfisins er þannig að kennarar senda umsjónarkennara tölvupóst þegar eitthvað kemur upp á, en þar sem skólaliðar hafa ekki tölvuaðgang setja þeir miða á tölvu kennara þegar þurfa að koma á framfæri skilaboðum um hegðun nemanda.<sup>102</sup> Hlutverk foreldra er að fylgjast með, standa við bakið á skólanum, hvetja barn sitt og láta í ljós ánægju þegar vel gengur hjá því.<sup>103</sup>

Sálfræðingur sagðist telja jákvætt að fela umsjónarkennara stærra hlutverk í lausn enda sé hann ávallt mjög mikilvægur, hann sé á vettvangi, þurfi að útskýra fyrir nemanda að nú sé hegðun hans þannig að ekki samræmist hans þrepi.<sup>104</sup>

## 8.6. Aðkoma nemenda og foreldra að þróun Þrepakerfisins

Foreldrar og nemendur hafa ekki átt aðkomu að gerð og þróun Þrepakerfisins í skólanum. Kerfið var kynnt á almennum fundi fyrir foreldra í upphafi og á ný haustið 2011 þar sem einnig var kynning á Uppbyggingastefnunni.

<sup>100</sup> Fundur með matsnefnd Þrepakerfis 9. nóvember 2011.

<sup>101</sup> Símaviðtal við sálfræðing 16. nóvember 2011.

<sup>102</sup> Viðtal við skólastjóra 9. nóvember 2011.

<sup>103</sup> Fundur með matsnefnd Þrepakerfis 9. nóvember 2011 og með skólastjóra og fulltrúa úr matsnefnd 10. nóvember 2011.

<sup>104</sup> Símaviðtal við sálfræðing 16. nóvember 2011.

Þrepakerfið var kynnt nemendum við innleiðingu þess, en ekki hefur verið kynning fyrir nemendum á kerfinu nú í haust. Sálfræðingurinn sem þróaði kerfið með skólanum kom ekki að kynningu þess fyrir nemendum. Ekki kom fram að breytingar sem gerðar hafa verið á kerfinu hafi verið kynntar sérstaklega fyrir nemendum eða foreldrum. Skólustjóri taldi í samtali við úttektaraðila að bæta mætti samvinnu við nemendur og foreldra um þróun þrepakerfisins.<sup>105</sup>

Í viðtali við sálfræðing kom fram að ekkert í kerfinu hindri að nemendur komi meira að ákvarðanatöku um það og að þróa megi kerfið þannig að það taki mið af ákvæðum grunnskólalaga um nemendalýðræði. Nemendur geti t.d. verið með í ákvarðanatöku um hvernig þrepin eru skilgreind og átt áheyrnarfulltrúa í matsnefnd. Áherslan verði þó að vera á að stjórnun kerfisins sé skilvirk, markvisst unnið með hvatningu og að kerfinu sé beitt með samræmdum hætti, það ráði mestu um árangurinn. Mikilvægt sé að vita hvað hvetur nemendur en sálfræðingur vildi ekki leggja mat á það hvort heppilegt væri að nemendur kæmu að því að skilgreina þá umbun sem kerfið veitir.

Úttektaraðilar nefndu við matsnefnd og sálfræðing að fram hafi komið á fundum með starfsmönnum, nemendum og foreldrum gagnrýni á það að hvatningin virkaði ekki nægilega vel í kerfinu. Fulltrúar í matsnefnd sögðust telja hvatninguna í kerfinu virka vel og ekki upplifa að umbun sem kerfið veitti væri ekki nægilega markvisst skilgreind. Nemendur sæktu t.d. um það að hækka af þriðja þrepi og komast upp á þrep sem veita sérstaka umbun.<sup>106</sup> Fram kom hjá sálfræðingnum að í skólanum hafi verið ríkjandi viðhorf hjá nemendum í eldri bekkjardeildum að eðlilegt væri að brjóta allar samskiptareglur í skólanum. Erfitt væri að uppræta slíkt almennt viðhorf, en það væri afar brýnt. Rétt gæti verið að vinna að því að þróa áfram hvatningahluta kerfisins eins og aðra hluta þess.<sup>107</sup>

## 8.7. Þróun Þrepakerfisins í skólanum

Skólinn lagaði kerfið að sínum aðstæðum í kjölfar vinnu starfsmanna með sálfræðingnum<sup>108</sup> (sjá viðauka 3). Sálfræðingurinn kom ekki beint að þeirri aðlögun en hefur séð kerfið eins og það var útfært hjá skólanum og telur að slík aðlögun sé þörf á hverjum stað.<sup>109</sup> Kerfið hefur

<sup>105</sup> Viðtal skólustjóra 9. nóvember 2011, og fundur með matsnefnd þrepakerfis 9. nóvember 2011, með starfsfólki 9. og 10. nóvember 2011, með skólustjóra og einum nefndarmanni matsnefndar 10. nóvember 2011

<sup>106</sup> Fundur með matsnefnd Þrepakerfis 9. nóvember 2011 og með skólustjóra og fulltrúa úr matsnefnd 10. nóvember 2011

<sup>107</sup> Símaviðtal við sálfræðing 16. nóvember 2011.

<sup>108</sup> Upplýsingar fengnar á fundi úttektaraðila með skólustjóra 9. nóvember 2011, með matsnefnd þrepakerfis 9. nóvember 2011, með kennurum 9. og 10. nóvember 2011, með skólustjóra og einum nefndarmanni matsnefndar 10. nóvember 2011 og í símaviðtali við sálfræðing 16. nóvember 2011.

<sup>109</sup> Símaviðtali við sálfræðing 16. nóvember 2011.

verið þróað nokkuð frá því að það var tekið upp. Vorið 2011 voru sett fram ítarlegri markmið og leiðir í agamálum og haustið 2011 skrifuðu starfsmenn skólans agareglur.<sup>110</sup>

Fram kom hjá skólustjóra að Þrepakerfið hafi einungis verið hugsað fyrir síðasta skólaár, en á starfsdegi í vor í lok skólaársins hafi verið ákveðið að halda kerfinu áfram svo ná mætti þeim árangri sem stefnt var að. Fram kom hjá skólustjóra og matsnefnd að vinna ætti með Þrepakerfið í anda Uppbyggingarstefnunnar, enda sé Þrepakerfið hugsað þannig að nemandi geti ávallt bætt fyrir hegðun sína. Uppbyggingastefnan yrði síðan innleidd markvisst í yngri bekkjadeildum og tæki smám saman við af Þrepakerfinu.<sup>111</sup> Á fundum með starfsmönnum kom fram að verið sé að vinna nokkuð með Uppbyggingastefnuna í yngri bekkjardeildum en þó ekki með markvissum og samræmdum hætti.<sup>112</sup>

Fram kom hjá skólustjóra og matsnefnd Þrepakerfisins að það hafi verið skýr skilaboð sálfræðingsins að kerfið stæði og félli með starfsmönnum og að góð samstaða hafi verið í starfsmannahópnum s.l. vetur og þetta hafi tekist.

Skólustjóri sagði það hafa verið galla á innleiðingu kerfisins s.l. vetur að aldrei hafi náðst að fara með kerfið lengra en í kennslustundirnar, ekki nægilega vel út á ganga og alls ekki út í frímínútur. Áhersla sé nú lögð á að ná þeim árangri. Komnar séu forsendur fyrir því þar sem náðst hefur að manna skólann vel með öflugum skólaliðum sem tókst ekki nema að hluta s.l. vetur. Þá hafi mætingum verið bætt inn í kerfið fyrir nokkrum vikum.<sup>113</sup>

Skólustjóri setti fram ákveðna sýn um þróun Þrepakerfisins í minnisblaði til úttektaraðila í október 2011. Markmið kerfisins sé að tryggja þann grundvallarrétt hvers nemenda að hafa vinnufrið í skólanum svo hann geti nýtt hæfileika sína og blómstrað sem einstaklingur. Leiðir að því markmiði séu:

- a) Fáar en skýrar reglur  
Gera bæði nemendum og foreldrum grein fyrir því við upphaf skólaárs hvaða reglur gilda og hvernig samskiptum verður háttað. Ákveðin og samstillt vinnubrögð / viðbrögð starfsfólks.
- b) Nýta og þróa þrepakerfið áfram og setja í fastari skorður. Gera þrepakerfið þannig úr garði að við þurfum minna að tala um það.
- c) Setja á stofn námsver  
Þar sé nemendum með hegðunarvanda veittur meiri stuðning.  
Tryggir vinnufrið í kennslustundum.<sup>114</sup>

110 Upplýsingar fengnar á fundi úttektaraðila með skólustjóra 9. nóvember 2011, með matsnefnd þrepakerfis 9. nóvember 2011, með kennurum 9. og 10. nóvember 2011, með skólustjóra og einum nefndarmanni matsnefndar 10. nóvember 2011

111 Fundur með matsnefnd Þrepakerfis 9. nóvember 2011 og með skólustjóra og fulltrúa úr matsnefnd 10. nóvember 2011

112 Fundir með starfsmönnum 9. og 10. nóvember 2011.

113 Viðtal við skólustjóra 9. nóvember 2011.

114 Skólastarf á Þórshöfn. Minnisblað skólustjóra okt. 2011

## 8.8. Framkvæmd og árangur Þrepakerfisins

Ekki hefur verið unnið sérstakt mat á árangri Þrepakerfisins. Sálfræðingurinn hefur ekki komið að eftirfylgni eða mati á árangri, en það er mat hans að þegar hann kom inn í vinnuna í skólanum hafi verið mikil virðing fyrir skólustjóranum, en að það megi búast við því að það sé langtíma verkefni að uppræta það þegar er orðið eins mikið virðingarleysi fyrir skólanum og var þegar nýr skólustjóri kom að stjórnun hans. Þá sé mikilvægt að meta aftur hegðun nemenda með sama hætti og gert var við innleiðingu kerfisins og miður að það hafi ekki verið gert.<sup>115</sup>

Þá kom fram hjá matsnefnd að enginn nemandi hafi farið niður á 1. þrep það sem af er yfirstandandi skólaári auk þess sem nemendur hafa verið að sækja um að komast upp á fjórða þrep. Úttektaraðilar fengu þær upplýsingar frá matsnefnd Þrepakerfisins að á núverandi skólaári hafi enginn af þeim sem komist hafa upp á 4. þrep fallið aftur niður á 3. þrep. Af þeim sem fallið hafa niður á 2. þrep hafi allir farið upp á 3. þrep aftur, flestir innan þeirra tímamarka sem áætlað var í samningi við þá, þ.e. á einni viku.

*Tafla 3 Tilfærsla milli þrepa*

|   | Skólaárið 2011<br>- 2012 |
|---|--------------------------|
| <b>Fjöldi nemenda sem fallið hafa á 2. Þrep</b>                                     | 7                        |
| <b>Hlutfall nemenda 6 – 10 bekkjar af heildarfjölda sem fallið hafa á 2. þrep</b>   | 18,9%                    |
| <b>Fjöldi nemenda sem farið hafa upp á 4. Þrep</b>                                  | 5                        |
| <b>Hlutfall nemenda 6 – 10 bekkjar af heildarfjölda sem farið hafa upp á 4 þrep</b> | 14%                      |

Úttektaraðilar óskuðu eftir að fá upplýsingar um skráningar, færslu milli þrepa, afriti af samningum við nemendur sem falla um þrep, umsóknum um hækkun um þrep, afriti af dagbókum þegar nemendur eru í einvist eða annari skráningu á námsframvindu í einvist eða aðra skjölun varðandi utanumhald um framkvæmd kerfisins. Ekki virðast hafa verið færðar formlegar fundargerðir matsnefndar og ekki gerð formleg skráning á fjölda nemenda sem færast milli þrepa og skráning á tímabilum sem nemendur eru á hverju þrepi. Úttektaraðilar hafa því ekki tölulegar upplýsingar varðandi þessa þætti vegna skólaársins 2010-2011 en hafa fengið upplýsingar frá matsnefnd vegna yfirstandandi skólaárs, sem unnar voru eftir beiðni úttektaraðila.

<sup>115</sup> Upplýsingar fengnar í símaviðtali við sálfræðing nóvember 2011.

Þá fengu úttektaraðilar afrit af dagbókum vegna hluta nemenda sem hafa verið á 2. þrepi á yfirstandandi skólaári, að því er sýnist vegna hluta þess tíma sem um hefur verið að ræða. Dagbækur sýna fyrst og fremst skráningu á því hvort nemandi hafi sýnt góða hegðun í tímum og einveru og að nokkru hvort nemandi hafi unnið í tímum og einveru. Skráning er ekki samræmd. Hjá sumum nemendum er skráð vegna allra tíma dags þegar nemandi er á 2. þrepi en í öðrum dagbókarskýrslum er aðeins um að ræða skráningu vegna nokkurra eða fárra tíma viðkomandi dags. Gögn virðast ekki hafa verið markvisst vistuð og ekki hægt að finna dagbækur allra nemenda sem verið hafa á 2. þrepi á yfirstandandi skólaári og ekki vegna allra daga. Úttektaraðilar hafa ekki getað fengið yfirlit yfir tímabil sem nemendur sem farið hafa á 2. þrep hafa verið á 2. þrepi utan að matsnefnd hefur vísað til umsókna um þrepahækkun sem afhentar hafa verið og jafnframt lýst því yfir að nemendur hafi yfirleitt farið upp um þrep að lokinni viku á 2. þrepi. Fram kom hjá matsnefnd að skráning sé ekki samræmd m.a. þar sem hugsun kerfisins sé að dvelja ekki við gamla hegðun og því ekki haldið sérstaklega utan um gamlar dagbækur, áminningar o.þ.h. Þá sé skráning dagbóka ekki samræmd þar sem nemandi ber sjálfur ábyrgð á að kennarar kvitti í dagbókina í lok tímans og að fá kvittun umsjónarkenndara í lok dags. Þannig séu skráningar í dagbækur mismunandi milli nemenda og það hafi áhrif á framvindu nemanda varðandi það hvort hann hækkar um þrep hversu duglegur hann sé að sinna dagbókinni.<sup>116</sup>

Úttektaraðilar fengu afrit af umsóknum nemenda um hækkun upp á fjórða og fimmta þrep á yfirstandandi skólaári. Umsóknareyðublað er staðlað og því fylgir umsagnablað sem fer til kennara. Þar hakar kennari við tiltekin viðmið auk þess sem eyða er fyrir kennara til að fylla út nánari umsögn. Nánari umsögn var ekki alltaf fyllt út en þegar kennari gaf nánari umsögn var yfirleitt um að ræða ábendingar til nemanda um þætti sem mættu betur fara.

Fram kom í viðtölum að í einhverjum tilvikum þegar hegðun er metin mjög alvarleg, svo sem þegar um er að ræða líkamlegt ofbeldi af hvaða tagi, falli nemandi skv. reglunum sjálfkrafa um þrep.<sup>117</sup> Aðspurður taldi sálfræðingur að í flestum tilvikum sé rétt að veita nemanda aðvörun áður en fellur um þrep en alvarlegri atvik gefi tilefni til frávika.<sup>118</sup>

Fram kemur í endurskoðuðum reglum um Þrepakerfið sem úttektaraðilar fengu frá skólanum að ef nemandi er lengur en eina viku á fyrsta þrepi þá leiði það til sjálfkrafa brottvísunar úr skóla. Matsnefnd upplýsti úttektaraðila um að þessi regla hafi verið sett inn við endurskoðun í byrjun núverandi skólaárs. Hún taki aðeins til ofbeldisbrota sem séu

116 Upplýsingar frá skólastjóra desember 2011.

117 Skv. upplýsingum frá matsnefnd fá allir nemendur áminningu áður en þeir falla um þrep nema um alvarlegri brot sé að ræða, en þá sé ávallt haft samband við foreldra. Upplýsingar fengnar í desember 2011.

118 Upplýsingar fengnar í símaviðtali við sálfræðing nóvember 2011.



alvarlegs eðlis. Brot séu þá þess eðlis að oft væri jafnframt um að ræða barnaverndarmál, þ.e. skólanum væri skylt að tilkynna ofbeldisbrot nemanda til barnaverndarnefndar í slíkum tilvikum.

## 8.9. Viðhorf til Þrepakerfis

### 8.9.1. Viðhorf skólastjóra

Skólastjóri sagði að hann hefði ekki viljað fara í gegnum síðasta skólaár án kerfisins. Með því hafi náðst ákveðin agastjórnun og komin séu skýrari viðmið um hvað sé góð hegðun. Sá árangur hafi náðst að nemendur viðurkenni nú að til séu agavandamál. Verið sé að reyna að ná nemendum upp í þau hegðunarmörk sem talin eru æskileg í skólanum. Gallar svona kerfis séu alltaf þeir að fólk sé mannlegt og alltaf þurfi að spyrja sig hvort verið sé að taka jafnt á öllum. Kerfið eigi að reyna að tryggja að eins sé tekið á öllum og að nemendur falli aldrei um þrep nema að hafa fengið áminningu áður. Þá falli áminningar hratt úr gildi.

Markmiðið eigi að vera að nemendur fari frekar upp um þrep í kerfinu en niður. Nemendur þurfi að horfast í augu við sína hegðun. Þegar þeir sækji um hækkun þurfi þeir að skrifa greinargerð hvað hafi gerst, hvernig þeir séu að standa sig o.s.frv. sem sé afar gagnlegt og lærdómsríkt ferli. S.l. skólaár hafi ekki tekist nægilega vel að vinna með nemendum í að nýta tækifæri á 4. þrepi til umbunar, svo sem að fara í heimsóknir í aðra skóla.<sup>119</sup>

### 8.9.2. Viðhorf matsnefndar

Matsnefnd tjáði úttektaraðilum að farið hafi fram ákveðin umræða um kosti og galla kerfisins við innleiðinguna og allir starfsmenn hafi verið mjög meðvitaðir um þá.

Fram kom hjá fulltrúum í matsnefnd að þeir töldu ávinning kerfisins að virðing við skólann hefði aukist í samfélaginu. Þetta viðhorf kom einnig fram hjá foreldrum, fræðslunefnd og sveitarstjórn. Það sé skýrt gagnvart foreldrum eftir hvaða staðli sé verið að vinna í skólanum. Þá leit teymið svo á að þrepakerfið gæti verið brú yfir í Uppbyggingastefnuna fyrir skólann. Teymið taldi einnig að kerfið hafi verið nauðsynlegt til að taka á þeim alvarlegu agavandamálum sem einkenndu skólann í upphafi skólaársins 2010. Frá því að skólastarf hófst haustið 2010 þar til þrepakerfið var innleitt í byrjun október upplifðu þau hvernig væri að vera verkfæra- og ráðalaus gagnvart alvarlegum agavandamálum. Þrepakerfið hafi virkað hratt og örugglega og gagnast vel við að uppræta agavandamál.<sup>120</sup>

119 Upplýsingar fagnar í viðtali við skólastjóra 9. nóvember 2011.

120 Fundur með matsnefnd Þrepakerfis 9. nóvember 2011.

Fulltrúar í matsnefnd sögðust telja helsta galla kerfisins að það hafi ekki virkað jafn vel fyrir alla nemendur. Mikilvægt væri að geta farið að vinna enn frekar á jákvæðari nótum með nemendum sem þau sjái fyrir sér að eigi að fara að vera hægt. Þrepakerfið komi ekki með neinum hætti niður á skólastarfinu, vinnufriður sá sem komst á með kerfinu bæti upp alla þá mögulegu vinnu sem kerfið hefur kallað á.<sup>121</sup>

### 8.9.3. Viðhorf starfsmanna

Í hópi kennara og starfsmanna skólans kom fram jákvæðari afstaða gagnvart Þrepakerfinu hjá kennurum í eldri bekkjum þar sem kerfið er notað en hjá öðrum kennurum og starfsmönnum skólans. Þá kom almennt fram jákvæðari afstaða gagnvart kerfinu hjá starfsmönnum sem voru í starfi í skólanum á síðasta skólaári en hjá nýjum starfsmönnum.

Hjá kennurum í yngri bekkjardeildum komu fram sjónarmið um að Uppbyggingastefnan væri að einhverju leyti andstæða Þrepakerfisins. Þá komu einnig fram sjónarmið starfsmanna um að þá vanti betri leiðsögn, t.d. um það hvernig umræður eigi að hafa við nemendur í Þrepakerfinu og um stig ferlisins; „*hegðun – áminning – ítrekun – refsing*” eins og hluti starfsmanna lýsti ferlinu.

Hjá starfsmönnum, sem voru í starfi síðasta vetur, komu fram eindregin sjónarmið um að það að sameinast um samtaka vinnubrögð, samvinnan og samstaðan sem skapaðist í kringum Þrepakerfið hafi skilað mjög góðum árangri fyrir skólann. Það sjónarmið kom fram í hópi starfsmanna á yngra stigi að hefðu starfsmenn sameinast með sama hætti um Uppbyggingastefnuna hefði slíkt eins getað skilað mjög góðum árangri. Öflugra starfsfólk og kennarar í skólanum hafi skilað sínu óháð kerfum.

Fram kom það viðhorf í hópi starfsmanna að aðlaga þurfi Þrepakerfið til að ná betri árangri, t.d. tengja einvist við stuðningsver, þannig að nemendur séu þar ekki alfarið einir en geti verið þar í hópi í umsjá eins kennara eða stuðningsfulltrúa.<sup>122</sup> Gæta þyrfti vel að því að nota jákvæðu þættina í kerfinu, mætti ekki verða megináhersla á neikvæða þætti þess. Kerfið væri gott agastjórnanartæki og dragi fram jákvæða hegðun og umbuni fyrir hana. Það búi til aðhald frá hópnum og rétti nemendum ákveðinn samfélagssáttmála sem hægt sé að byggja á til framtíðar fyrir þau. Þá sé það þroskandi fyrir krakkana að fara í gegnum sjálfsmat og

121 Fundur með matsnefnd Þrepakerfis 9. nóvember 2011.

122 Skv. upplýsingum frá skólastjóra/matsnefnd í desember 2011 eru nemendur ekki í einvist án eftirlits og kennslu, gangaverðir fylgist með nemanda og kennari setur honum fyrir það sem hann á að læra í einvist, en það sé undir nemandanum komið að fá stafeestingu í dagbók frá kennara um hvernig gekk í einvist.

rökstyðja umsóknir upp á næsta þrep. Kerfið eigi að búa til þá skynjun að virðing ávinnist í þrepum.<sup>123</sup>

Jafnframt kom það sjónarmið fram hjá starfsmönnum að það væri galli á kerfinu að það virkaði ekki nægilega vel á þá sem það þyrfti þarf virkilega að virka á. Viðhorfið herðist meira í neikvæðu áttina eftir því sem þrepalækkun sé meira beitt. Þá sé fyrsta þrepið of harkalega skilgreint að mati sumra starfsmanna og refsingakerfi sem þessi væri vandmeðfarin. Það gangi t.d. ekki upp að nemandi sé tekinn úr lögbundinni kennslu til að fara í einvist.

Þá kom fram það sjónarmið í hópi starfsmanna að vanti að skrá alla hegðun skýrar og tryggja betur samræmi í skráningu og framkvæmd. Athugasemdir um framkvæmd kerfisins virtust þó fyrst og fremst tengdar beitingu þess af hálfu nýrra kennara. Meirihluti kennara í eldri bekkjardeildum, þar sem kerfið er notað, sögðust vilja halda áfram að nota kerfið.<sup>124</sup>

Þá kom fram það sjónarmið hjá nýjum kennara að Þrepakerfið þyrfti meiri jákvæða styrkingu. Annar nýr kennari taldi vanta betri kynningu á kerfinu fyrir nýja starfsmenn á meðan annar nýr kennari sagðist hafa fengið góða kynningu og hafi leitað sjálfur eftir upplýsingum. Starfsmenn sögðust telja að foreldrar hafi tekið kerfinu mjög misvel. Gagnrýni hafi að einhverju leyti beinst að því að nemendur fái ekki nægilega umbun fyrir jákvæða hegðun og síðan hafi foreldrar sem eiga nemendur, sem gengur illa í kerfinu, oft verið mjög gagnrýnir. Þá komu fram sjónarmið í hópi kennara og starfsmanna um að nemendur væru almennt neikvæðir gagnvart kerfinu og þætti ekki „töff“ að vera á fjórða þrepi. Á móti töldu aðrir að viðhorfið hefði lagast frá síðasta skólaári eftir því sem fleiri hafi komist á fjórða þrep. En að það sé mjög ráðandi hópur í unglingsdeildinni sem sé neikvæður.<sup>125</sup>

#### 8.9.4. Viðhorf foreldra

Fram kom í hópi foreldra að agamál og skólabragur hefði lagast mikið. Aðspurðir um hvort það sé vegna Þrepakerfis voru skiptar skoðanir. Flestir sögðust telja að það væri vegna þess að skólinn hefði á að skipa betri kennurum. Kennararnir hafi á tímabili verið orðnir áhugalausir og skólinn hafi haft mjög slæmt orð á sér, „það vildi enginn vinna hérna.“ „Krakkarnir okkar hafa verið að lenda í því að vera alltaf með nýjan kennara, hefur örugglega haft sín áhrif á andann í skólanum og námsframvindu.“ Metnaður sé nú í skólanum og starfsmenn séu samstilltur hópur.

<sup>123</sup> Fundir með starfsmönnum 9. og 10.nóvember 2011.

<sup>124</sup> Fundir með starfsmönnum skólans 9. og 10. nóvember 2011.

<sup>125</sup> Fundir með starfsmönnum skólans 9. og 10. nóvember 2011.

Foreldri sem á barn sem er uppátækjasamt, sagðist upplifa sig stöðugt undir smásjá, finnst Þrepakerfið komið út í öfgar. Finnst Uppbyggingastefna og refsing ekki samræmast. Það viðhorf kom fram að sum börn passi ekki vel inni Þrepakerfið, t.d. ofvirkur einstaklingur sem á erfitt með að sitja kyrr. Fram kom þirringur út í eyðublöð og samninga við nemendur „sem við erum endalaust að skrifa undir“. „Sonur minn skilur þetta nú bara ekki alveg.“

Nefnt var að sárafáir nemendur kærðu sig um að fara upp á fjórða eða fimmta þrep. Umbunarþátturinn væri ekki nægilega vel útfærður eða hvetjandi. Vitnað var í nemanda: „Það er svo rosalega erfitt að vera á fjórða þrepið, maður þarf að vera svo ógeðslega stilltur“. Annað foreldri sagði: „Dóttir mín komst uppá efsta þrep í fyrra, hefur engan áhuga á að sækja um aftur, ekki nægileg fríðindi sem fylgi þessu.“ Nemendum hafi líka verið strítt fyrir að fara upp. Í haust hafi fleiri nemendur þó verið að komast uppá fjórða þrep, þannig að þetta e.t.v sé að verða meiri jákvæðni í hópnun..

Foreldrar sögðu meiri upplýsingar vanta til foreldra um Þrepakerfið og breytingar á því frá því það var fyrst kynnt, hvernig hafi gengið o.fl. Dæmi var nefnt um að nú gildi kerfið einnig í íþróttahúsi sem hafi ekki verið á síðasta skólaári.

Fram kom að foreldrar sýndu nú meiri stuðning við skólann og að jákvætt hafi verið að skólastjóri biðlaði til samfélagsins um stuðning við aðgerðir sínar. Viðhorfið í samfélaginu væri jákvæðara og þeir upplifðu einnig að þeir væru alltaf velkomnir í skólann.

#### 8.9.5. Viðhorf nemenda

Það viðhorf kom fram í hópi nemenda að máli skipti að í tímum sé vinnufriður, krakkarnir séu öll að læra vel, svo þau geti fengið að gera eitthvað annað. Aðspurðir um hvort eitthvað hafi breyst í skólanum sögðu nokkrir mikið hafa breyst frá því núverandi skólastjóri tók við, t.d. hafi einelti og stríðni minnkað. Aðrir sögðu að einelti hafi aldrei verið mikið og ekkert hafi breyst. Skiptar skoðanir voru um Þrepakerfið og hvort það hefði komið á betri vinnufriði. Nokkrir töldu það en aðrir sögðu Þrepakerfið “bara vont”. Það viðhorf kom fram að vinnufriður væri betri ef kennararnir væru góðir.

#### 8.9.6. Viðhorf sálfræðings

Sálfræðingur sagði að Skólaþjónusta Norðurþings og Barnaverndarnefnd hefði komið að málefnum skólans lengi án þess að það hafi skilað árangri. Nú hafi verið undirstrikað hvaða nemendur séu í alvarlegri og mikilli þörf fyrir þjónustu. Hann sagðist telja að þessir nemendur hafi ekki allir fengið þá þjónustu sem þeir hafi þurft gegnum árin. Ástand þeirra

verði því ekki alfarið skrifað á skólann.<sup>126</sup> Fram kom á fundi með fræðslunefnd að reynslan sýni að þar sem ekki hafi gengið að fá foreldra til að vinna með skólanum við að taka á málum nemandans verði að vera til önnur úrræði.<sup>127</sup>

#### 8.9.7. Viðhorf fræðslunefndar

Formaður fræðslunefndar sagðist telja innleiðingu Þrepakerfis mjög góða ákvörðun fyrir skólann. „Við upplifðum það hér að hér var léleg fagleg kennsla þar sem fáir einstaklingar voru með hegðun að valda gríðarlegri truflun á skólastarfi.“ Þrepakerfið hafi hjálpað skólustjóra og kennurum að breyta andrúmsloftinu og skapa vinnufrið í skólanum. Skólastarfið s.l. vetur hafi breyst mikið til hins betra og hann telji það að þakka góðum skólustjóra, góðum kennurum og Þrepakerfinu. Undir þetta tóku fleiri nefndarmenn. Annar nefndarmaður sagðist ekki sáttur við Þrepakerfið. Í því fælist mismunur. Þeim sem ekki gangi vel og falla niður um þrep líði ekki vel og það sé að bitna á þessum nemendum. Skólustjóri Grunnskólans á Bakkafirði sagðist ekki hrifinn af slíku kerfi en hann sæi „gríðarlega góða breytingu á skólanum.“ Fram kom á fundinum að nefndin upplifi umræðu um skólann í samfélaginu hafa breyst úr neikvæðri umræðu í jákvæða.<sup>128</sup>

#### 8.9.8. Viðhorf sveitarstjórnar

Á fundi með sveitarstjórn kom fram kostnaður sveitarfélagsins við Þrepakerfið hafi verið að greiða vinnu sálfræðings, lítilsháttar breytingar á húsnæði og hálfst stöðugildi. Foreldrafélagið hafi einnig kom til móts við kostnaðinn.

Almennt kom fram jákvætt viðhorf sveitarstjórnar til Þrepakerfisins en þó efasemdir um að það sama gildi fyrir alla. Sveitarstjórnarmaður sagðist telja að kerfið virki vel á son sinn, hafi aukið metnað hans og stuðlað að meiri ró á hann í skólastarfinu. Það sjónarmið kom fram að það geti verið eftirsóknarvert fyrir þá sem ekki líði vel að fá að fara í einvist og þurfa ekki að fara í frímínútur. Slíkt geti hugsanlega kallað á neikvæða hegðun. Viðkomandi sagðist þó sjá fleira jákvætt en neikvætt við kerfið.

#### 8.10. Einvist

Hjá hluta starfsmanna, nemenda, foreldra og hjá hluta af sveitarstjórn kom fram gagnrýni á framkvæmd einvistar á 1. og 2. þrepi. Gagnrýni laut m.a. að því að of oft væri gripið til þess að lækka nemendur um stig, stundum án áminningar, að nemendur væru einir án eftirlits og kennslu og að nemendur væru í einvist frammi á gangi skólans þegar herbergið sem ætlað er

<sup>126</sup> Símaviðtal við sálfræðing 16.nóvember 2011.

<sup>127</sup> Fundur með fræðslunefnd 9. nóvember 2011.

<sup>128</sup> Fundur með fræðslunefnd 9.nóvember 2011.

til einveru væri fullnýtt. Of margir nemendur væru of oft í einvist og í of langan tíma, sem færi þá að setja of mikið mark á skólastarfið og væri of þungbært fyrir viðkomandi nemendur. Nemendur, sem rætt var við, nefndu dæmi: „Einn sem hefur farið í einvist oft, segir það bara gott fyrst. Þá fær maður bara að sofa fyrst í fjóra tíma, svo verður maður bara geðveikur, þarf bara að sprauta mann niður.”<sup>129</sup>

Staðfest var hjá skólastjóra, matsnefnd, kennurum, öðrum starfsmönnum og foreldrum að nemendur væru almennt einir og að einvist væri oft á göngum skólans. Fyrri daginn sem úttektaraðilar voru í skólanum var nemandi í einvist í anddyri skólans, sat þar á stól út í horni í löngu frímínútum nemenda. Í anddyri eru gluggar á tvær hliðar frá lofti niður á gólf, út á skólalóð. Fram kom á fundi með foreldrum að erfitt sé stundum fyrir foreldra að koma barni, sem á að mæta í einvist, í skólann.

Sálfræðingur var spurður um einvist og tilhögun hennar. Hann sagði að skv. sínu uppleggi þá gerði kerfið ráð fyrir að alltaf væri starfsmaður með nemanda í einvist og að eðli einvistar væri að nemandi fengi meiri stuðning, einstaklingsmiðaðri nálgun en hægt er að veita inni í bekkjardeild. Ekki megi framkvæma einvist þannig að hún sé skynjuð sem refsing. Þegar nemandi hegði sér illa þurfi að taka hann til sín en síst af öllu að ýta nemanda frá sér. Að mati sálfræðings gengur kerfið ekki upp án þess að alltaf sé einhver með nemandanum í einvistinni. Í fræðslu til kennara hafi komið fram að sjálfsmynd nemanda leiði af hvernig hann komi út úr samskiptum, m.a. við kennara og starfsmenn skóla og mikilvægi þess að styrkja jákvæða hegðun. Það geti verið að vanti meiri og reglulegri þjálfun til að allir séu að fara eftir kerfinu með samræmdum hætti. Það sé skólastjórans að meta, en m.v. þessar upplýsingar sem fram koma þá virðist þess þurfa. Séu margir nemendur í einvist í hverri viku, bendi það til þess að barnaverndarnefnd þurfi að koma markvissar að málum með skólanum.<sup>130</sup>

Í fræðslunefnd kom fram það sjónarmið að einvist byggji talsvert á því að veita samnemendum, sem hafa orðið fyrir gríðarlega mikilli truflun, vinnufrið. Skólinn hafi fengið stuðning frá samfélaginu um að meina aðgang að íþróttahúsinu þegar menn gerðu eitthvað af sér sem væri nógu slæmt. Þetta fyrirkomuleg hafi verið komið á áður en Prepakerfið var sett á, eða í janúar 2009 og nái til íþróttakennslu, íþróttastarfs og tómstundastarfs.<sup>131</sup>

129 Nemandi í hópi nemenda sem rætt var við.

130 Símaviðtal við sálfræðing 16. nóvember 2011.

131 Fundur með fræðslunefnd 9. nóvember 2011.

### 8.11. Mat úttektaraðila

- Það er mat úttektaraðila að sá samtakamáttur og samvinna sem varð í kennarahópinum s.l. vetur við útfærslu og innleiðingu Prepakerfisins hafi verið jákvæður fyrir skólann og að kerfið hafi verið árangursrík leið til að ná tókum á miklum agavanda í skólanum. Kerfið hefur að flestra mati hjálpað skólanum að ná ákveðnum tókum á erfiðum agamálum. Hins vegar hentar það ekki öllum nemendum og sérstaklega hefur einvist verið gagnrýnd. Svo virðist sem einvist sé túlkuð á mismunandi hátt eftir starfsmönnum og að einhverju leyti ekki eins og sálfræðingur lagði upp með.
- Úttektaraðilar telja að æskilegt sé að vinna áfram að sinni með samræmdum hætti undir formerkjum Prepakerfisins og að óheppilegt væri fyrir skólann að taka ákvörðun um það að fella kerfið niður nú, án þess að við taki annað úrræði.
- Úttektaraðilar telja þó að ákveðnir hnökrar séu á framkvæmd Prepakerfisins og útfærslu þess. Tengist það fyrst og fremst þjálfun starfsmanna sem hafi ekki verið nægileg. Þurfi aðkoma sálfræðings að vera mun meiri að þjálfun starfsmanna og þróun kerfisins en verið hefur. Þannig þurfi að styrkja starfsmenn betur varðandi endurgjöf og jákvæða styrkingu, varðandi samræmd vinnubrögð, skráningu og utanumhald og skilning á virkni kerfisins. Slík þekking þarf að vera til staðar hjá öllum starfsmönnum skólans, líka þeim sem kenna t.d. yngri bekkjum þar sem Prepakerfið er ekki notað. Þá hafi skort á samvinnu við nemendur og foreldra við þróun kerfisins, en þann þátt þurfi að efla varðandi frekari þróun og framkvæmd kerfisins.
- Úttektaraðilar telja að útfærsla einvistar hafi ekki að öllu leyti verið nægilega vel skilgreind og að vinna hefði átt þá útfærslu og framkvæmd nánar með sálfræðingi. Tækifæri sé til að bæta kerfið þar. Þá kalli ný reglugerð á að kerfið sé aðlagð að nokkru leyti vegna nýrra krafna sem þar koma fram varðandi skilgreiningu einvistar.
- Á meðan úttekt þessi stóð yfir var fyrrnefnd reglugerð sett og tók þá þegar gildi. Að virtum reglum sem þar koma fram er það mat úttektaraðila að Prepakerfið standist ákvæði stjórnarsýslulaga og grunnskólalaga, að því gefnu að lokið verði nú þegar við að skilgreina betur útfærslu einvistar og að skjölun verði bætt. Sjálfvirk brottvísun sem kerfið kveður nú á um verði felld út en því ákvæði hefur aldrei verið beitt að sögn skólastjóra og að framkvæmd kerfis sér ávallt í samræmi við reglugerð nr. 1040/2011.

## 9. SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA SVEITARFÉLAGSINS

Langanesbyggð kaupir sérfræðiþjónustu af Skólaþjónustu Norðurbings skv. 40. grein laga nr. 91/2008 um grunnskóla og reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga frá 2010. Starfsmenn skólaþjónustu eru þrír, kennsluráðgjafi, sálfræðingur og talmeinafræðingur.<sup>132</sup>

Í gildandi samningi um ráðgjafarþjónustu við öll sveitarfélög í Norðurbíngi kemur fram að Norðurbíng annist sérkennsluráðgjöf, greiningu og ráðgjöf við námsáætlanagerð, sálfræðigreiningu og ráðgjöf vegna barna á leik- og grunnskólaaldri. Almenn kennsluráðgjöf, ráðgjöf um skólaþróun, stjórnunar- og rekstrarráðgjöf og endur- og símenntunartilboð séu ekki innifalin í samningi né kostnaður við meðferðarúrræði eða þjálfun. Þá stendur skólástjórur til boða að sitja samráðsfundi kollega sinna í Norðurbíngi.<sup>133</sup>

Að sögn kennsluráðgjafa hjá Skólaþjónustu Norðurbings hefur ráðgjöf við Grunnskólann á Þórshöfn aðallega verið í tengslum við greiningar og þeim fylgi aðgerðaráætlanir fyrir skólann. Starfsmenn Skólaþjónustunnar heimsæki skólann mánaðarlega. Ef greiningarfundur hjá sálfræðingum færi fram væri alltaf skilafundur í næstu ferð. Samskipta- og agavandamál hafi verið mikil við skólann í mörg ár, jafnvel frá aldamótum. Þá hafi starfsmenn Skólaþjónustunnar átt frumkvæði að innleiðingu Olweusaráætlunar en erfiðlega hafi gengið að fá skólann til samstarfs. Skólinn hafi lítið sóst eftir ráðgjöf um faglegt innra starf.<sup>134</sup>

Að sögn skólástjóra hefur samstarf við skólaþjónustuna verið misjafnt. Námsráðgjafi og sálfræðingur, sem unnið hafa með skólanum á yfirstandandi skólaári, hafi reynst honum vel en kennsluráðgjöfin hafi ekki verið nægilega öflug. Þá telur skólástjóri skólann ekki hafa haft nógu mikið frumkvæði að því að fá stuðning og aðstoð frá félagsþjónustunni og kennsluráðgjafa. Í ákveðnum tilvikum hefði þurft að leita betur eftir aðstoðinni.<sup>135</sup>

### 9.1. Mat úttektaraðila

- Úttektaraðilar hafa ítrekað rekið sig á erfiðleika í sveitarfélögum á landsbyggðinni við að finna úrræði við hæfi fyrir börn með alvarleg þroska- og hegðunarfrávik. Það er mat úttektaraðila að þörf sé á samræmdri stefnumótun sveitarfélaga og samvinnu um þróun úrræða við hæfi fyrir þennan hóp barna á grunnskólastigi, t.d. þannig að þróuð sé samvinnuúrræði á tilteknum landsvæðum þar sem hvert sveitarfélag er of

<sup>132</sup> Sótt af heimasíðu Skólaþjónustu Norðurbings 31. október 2011.

<sup>133</sup> Samningur um ráðgjafarþjónustu Skólaþjónustu Norðurbings og sveitarfélaga í Norðurbíngi 1. janúar 2011.

<sup>134</sup> Fundur með kennsluráðgjafa Skólaþjónustu Norðurbings 10. nóvember 2011.

<sup>135</sup> Viðtal við skólástjóra 9. nóvember 2011.



lítill eining til að unnt sé að þróa þar úrræði við hæfi. Slík samvinna væri að mati úttektaaðila æskileg fyrir Grunnskóla Þórshafnar.

- Samstarf skólans og sveitarfélags við Skólaþjónustu Norðurljósinga hefur ekki verið nægilega skilgreint og Skólaþjónustan ekki getað stutt skólann nægilega faglega og við úrlausn erfiðra mála.
- Endurskoða þarf samninga sveitarfélagsins um sérfræðiþjónustu og skilgreina betur með heildarsýn á aðstæður og hagsmuni nemenda í huga.<sup>136</sup> Þar komi fram hvers konar þjónustu sveitarfélagið óskar eftir og hvernig ber að standa skil á henni. Æskilegt er að skólinn leiti sér sérfræðiþjónustu víðar en nú er.
- Skilgreina þarf ferli vegna úrlausna erfiðra mála einstakra nemenda, t.d. þegar um er að ræða erfið þroska- og hegðunarfrávik og barnaverndarmál og leita fjölbreyttari úrræða á víðari grunni.

---

136 Aðalnámskrá grunnskóla 2011:33

## 10. NIÐURSTÖÐUR HÖFUNDA

### 10.1. Styrkleikar og veikleikar

| Styrkleikar  | Veikleikar   |
|--|--|
| Vel menntaðir stjórnendur, kennarar og leiðbeinendur.  | Lögbundinni stefnumótun og vinnu við skólanámskrá hefur ekki verið sinnt á undanföllum árum. Framtíðarsýn ekki skýr.   |
| Meiri metnaður hjá starfsfólki skólans og góður starfsandi.  | Starfsmannavelta hefur verið mikil á undanföllum árum.   |
| Hafin er vinna við lögbundna stefnumótun og skólanámskrá og unnið er að skólstefnu sveitarfélags.          | Skólaráð hefur ekki starfað sem skyldi.  |
| Einstaka starfsmenn hafa haft frumkvæði að þróunarverkefnum sem þeir hafa nýtt í sinni kennslu.            | Verkaskipting stjórnenda er ekki nægilega skýr.  |
| Agi í skólanum hefur batnað, m.a. með tilkomu þrepakerfis.   | Endurmenntun starfsfólks hefur ekki verið markviss eða tengst heildstæðri þróun skólastarfsins.  |
| Nokkuð góð samstaða kennara um þrepakerfið og jákvæðni hjá skólastjóra og matsnefnd um frekari þróun þess. | Ónóg þjálfun starfsfólks í tengslum við þrepakerfi og skortur á frekari ráðgjöf sálfræðings og frekari þróun kerfisins.  |
| Samkenntla tækifæri til skólaþróunar   | Ekki ríkir sátt um útfærslu einvistar í þrepakerfi sem hefur mikil áhrif á skólastarfið  |
| Velvilji og stuðningur fræðslunefndar og sveitarstjórnar.  | Einhæfir kennsluhættir, sérstaklega á eldri stigum, m.a. of lítið um verk og listgreinar. Of lítið einstaklingsmiðað nám og tenging við umhverfi og samfélag.                                |
| Stuðningur við skólastjóra innan skólans og í samfélaginu.   | Fræðslunefnd og sveitarstjórn hafa ekki sinnt sem skyldi faglegu eftirlifi með skólastarfi, s.s. skólanámskrá og innra mati.   |
| Jákvæðara viðhorf til skólans meðal foreldra og í samfélaginu en áður hefur verið.                         | Lítið samstarf skólans og grenndarsamfélagsins og ekki hefur tekist að fá fulltrúa þess í skólaráðið.  |
| Smæð skólans og samfélagsins.  | Foreldrar hafa hingað til tekið lítinn þátt í skólastarfinu.   |
| Nánd við náttúru.  | Nemendur hafa of lítið að segja um skólastarfið og nemendafélag hefur ekki getað sinnt lögbundnu hlutverki sínu.   |
|  | Innra mat skólans er ófullnægjandi. Ekki hafa verið gerðar reglulegar kannanir á viðhorfi og líðan nemenda, foreldra og starfsfólks.   |
|  | Samstarf skólans og sveitarfélagsins við Skólaþjónustu Norðurbings er ekki nægilega skilgreint. Skólaþjónustan hefur ekki getað stutt skólann nægilega faglega og við úrlausn erfiðara mála. |
|  | Neikvætt viðhorf sumra starfsmanna til samfélagsins.   |
|  | Vinna við erfið úrlausnamál og skortur á handleiðslu hafa tekið mikla orku og leitt til þreytu hjá sumum starfsmönnum.   |

## 10.2. Ógnanir og tækifæri

| Ógnanir  | Tækifæri  |
|--|---|
| Starfsmannavelta verði áfram mikil og ekki náist festa í stjórnun skólans og faglegri uppbyggingu. | Áframhaldandi stefnumótun, þróun innra mats skólans og ný skólanámskrá.   |
| Stuðningur samfélagsins við skólann minnki á ný.   | Þróun fjölbreyttari kennsluhátta.   |
| Ekki fáist nægilegur faglegur stuðningur við skólann.  | Markviss endurmenntun og tenging við heildstæða þróun faglegs starfs í skólanum.  |
|  | Formleg innleiðing Uppbyggingastefnu sem leysi þrepakerfið smám saman af hólmi.   |
|  | Endurskoðaður samningur sveitarfélags um sérfræðipjónustu, aukinn fjölbreytileiki í sérfræðipjónustu.   |
|  | Aukin lýðræðisleg aðkoma nemenda, foreldra og grenndarsamfélags að skólastarfinu, m.a. í gegnum skólaráð.   |
|  | Gagnkvæmt samstarf skólans og foreldra og grenndarsamfélags. Jákvæðara viðhorf foreldra og grenndarsamfélagsins til skólans. Sterkari staða skólans í samfélaginu og á landsvísu. |

## 10.3. Tillögur til úrbóta

Til þess að uppfylla þær kröfur sem úttekt þessi leggur áherslu á þarf skólinn að mati úttektaraðila að gera eftirfarandi ráðstafanir:

1. *Stjórnun.* Starfslýsingar stjórnenda verði endurskoðaðar þannig að verkaskipting verði skýr. Stjórnendur eigi kost á faglegri stjórnunarráðgjöf.
2. *Þrepakerfið.* Lagt er til til að unnið verði áfram með Þrepakerfið um hríð en síðan muni Uppbyggingarstefnan leysa það smám saman af hólmi. Þrepakerfið verði lagað betur að skólanum með aðstoð sálfræðings sem verði skólanum til ráðgjafar allt skólaárið. Einvist verði endurskoðuð og reynt að tengja hana betur úrræðum skólans fyrir nemendur með hegðunar- og námsvandamál t.d. með námsveri sem stuðlaði að uppbyggingu nemenda bæði félags- og námslega. Við aðlögunina verði nemendur og foreldrar hafðir með í ráðum. Þess verði gætt að starfsmenn fái reglulega þjálfun og fræðslu um kerfið og nýir starfsmenn hefji ekki störf fyrr en ítarleg fræðsla um kerfið hefur farið fram. Útbúin verði þjálfunaráætlum þess efnis fyrir starfsfólk.

3. *Skólanámskrá.* Í skólanámskrá gefst m.a. kostur á að laga opinber fyrirmæli að sérstöðu hvers skóla og staðbundnum aðstæðum.<sup>137</sup> Afar mikilvægt er að skólanámskráin verði endurskoðuð og því verki að mestu lokið fyrir skólaárið 2012-2013 með utanaðkomandi faglegum stuðningi til að flýta fyrir verkinu. Ný aðalnámskrá ásamt ýmsum gögnum sem nú þegar eru til staðar geta auðveldað þá vinnu.
4. *Kennsluhættir.* Í úttektinni kom fram að kennsluhættir á mið-og unglingastigi, þar sem agavandamál hafa verið hvað mest, eru fremur einhæfir og hvorki mikið um lýðræðislega þátttöku nemenda, val, né verklegar aðferðir sem gæti hugsanlega dregið úr neikvæðum samskiptum<sup>138</sup> og stuðlað að jákvæðari sjálfsmynd nemenda í skólasterfinu. Í úttektinni kom fram að vilji er fyrir því að byggja upp faglegra og fjölbreyttara skólasterf. Því er lagt er til að skólinn hefji markvissa og skipulega skólaþróun sem viðleitni til umbóta í skólanum. Mikilvægt er að samstarf verði milli skóla og nærsamfélags um verkefnið.<sup>139</sup> Lagt er til að skólinn sæki um styrk til þróunarverkefni í Þróunarsjóð grunnskóla og hugsanlega til fyrirtækja á svæðinu. Markmið verkefnisins verði að þróa fjölbreytta kennsluhætti sem bæti nám og skólabrag með aðkomu starfsmanna, nemenda, foreldra og atvinnulífs á svæðinu. Ráðinn verði reyndur aðili utan skólans til að stýra verkefninu.
5. *Einelti* Skólinn taki þátt í Olweusarkönnun og jafnvel einnig Skólapúlssi svo skoða megi stöðu eineltis og líðan í skólanum og fá samanburð við aðra skóla.
6. *Símenntun starfsmanna.* Mótuð verði símenntunaráætlun fyrir skólann í heild og einstaka starfsmenn. Fyrir skólann í heild verði m.a. lögð áhersla á stefnu skólans og forgangsverkefni og þau þróunar- og umbótaverkefni sem í gangi eru hverju sinni.<sup>140</sup> Í áætlun einstakra starfsmanna verði komið til móts við faglegar áherslur og áhugasvið einstakra kennara. Þá telja úttektaraðilar mikilvægt að sveitarfélagið leiti áfram leiða til að styðja við starfsfólk sem vill öðlast kennararéttindi t.d. með samningi sem gefur svigrúm til að stunda nám á launum með því skilyrði að starfa við skólann í ákveðinn tíma eftir að námi lýkur.

---

137 Aðalnámskrá grunnskóla 2011:46

138 Aðalnámskrá grunnskóla 2011:32

139 Aðalnámskrá grunnskóla 2011:45

140 Aðalnámskrá grunnskóla 2011:45

7. *Uppbyggingarstefna.* Hafin verði formleg innleiðing Uppbyggingarstefnunnar í skólanum. Tekið verði mið af þeirri reynslu sem nú þegar hefur fengist og stefnan byggð upp jafnóðum frá fyrstu bekkjum. Skipaður verði verkefnastjóri sem nýti ákveðið hlutfall núverandi starfs síns og leitað samstarfs við skóla sem hafa nú þegar innleitt stefnuna. Stefnan leysi smám saman Þrepakerfið af hólmi og starfshlutfall sem nú fer í að sinna því kerfi færir smám saman yfir á Uppbyggingarstefnu.
8. *Innra mat.* Innra mat er ein leið til umbóta í skólastarfi. Í úttektinni kom fram að lítil sem engin gögn hafa verið tekin saman um starfsemi skólans. Afar mikilvægt er að unnið verði að innra mati skólans og sjálfsmatsskýrsla liggi fyrir vorið 2013. Þróað verði mat sem er markvisst fléttað saman við daglegt starf skólans, tekur mið af sérstöðu skólans og þeim viðfangsefnum sem unnið er að hverju sinni og metur að hvaða leyti markmiðum er náð. Matið verði unnið í samvinnu við starfsfólk, nemendur, foreldra og aðra hagsmunaaðila eftir því sem á við.<sup>141</sup> Mikilvægt er að reglulega verði lagðar fyrir kannanir á viðhorfi foreldra og starfsmanna, einelti og líðan nemenda.
9. *Sérfræðiþjónusta.* Endurskoðaðir verði samningar sveitarfélagsins um sérfræðiþjónustu þeir enn betur skilgreindir með heildarsýn á aðstæður og hagsmuni nemenda í huga.<sup>142</sup> Þar komi fram hvers konar þjónustu sveitarfélagið óskar eftir og hvernig ber að standa skil á henni. Lagt er til að skólinn leiti sér sérfræðiþjónustu víðar en nú er. Skilgreina þarf ferli vegna úrlausna erfiðra mála einstakra nemenda, t.d. þegar um er að ræða erfið þroska- og hegðunarfrávik og barnaverndarmál og leita fjölbreyttari úrræða á víðari grunni.
10. *Nemendaráð.* Nemendafélag er mikilvægur vettvangur nemenda til að koma á framfæri sjónarmiðum sínum og vinna að hagsmunamálum sínum. Efla þarf starf nemendafélagsins bæði hvað varðar félagslíf en ekki síður aðkomu þeirra að því sem snertir nám þeirra, líðan og aðbúnað<sup>143</sup> og auka þannig lýðræðislega aðkomu þeirra að skólastarfinu m.a. gegnum skólaráð.<sup>144</sup>

---

141 Aðalnámskrá grunnskóla 2011:20

142 Aðalnámskrá grunnskóla 2011:33

143 Aðalnámskrá grunnskóla 2011:49

144 Aðalnámskrá grunnskóla 2011:14-15

11. *Foreldrasamstarf.* Reynt verði að auka enn frekar aðkomu foreldra að skólastarfinu með því að virkja þá enn betur t.d. með þátttöku nærsamfélags í þróunarverkefnum og við vinnu við innra mat skólans. Úttektaraðilar telja mjög óheppilegt að deildarstjóri við skólann sé formaður foreldrafélags hans. Ekki er hægt að sýna fram á að slíkt sé óleyfilegt lögum samkvæmt en getur hins vegar dregið úr trúverðugleika stjórnenda skólans sem stöðu sinnar vegna þurfa oft að taka á erfiðum málum er varða nemendur og foreldra þeirra. Lagt er til að kosinn verði nýr formaður sem allra fyrst.

## HEIMILDIR

---

Aðalnámskrá grunnskóla . 2011. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Reykjavík  
Bekkjánámskrár 2010 – 2011. Sótt 13. desember 2011 af

<http://www.lnb.is/article.php?id=2366>

Bréf Reynis ráðgjafastofu til mennta- og menningarmálaráðuneytisins. e.d. Bréf afhent  
Attentus – mannaúður og ráðgjöf af mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Eineltisrannsókn við Grunnskólann á Þórshöfn. Upplýsingar sendar Attentus – mannaúði og  
ráðgjöf frá skólastjóra Grunnskóla Þórshafnar

Erindisbréf fræðslu og menningarnefndar. d.d. Sótt af vefsíðu Norðurlands 12. desember 2011.  
Hagstofa Íslands. 2011. Talnaefni: Mannfjöldi. Sótt 13. desember 2011 af

<http://www.hagstofan.is/?PageID=2593&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN03106%26ti=Mannfj%F6ldi+eftir+bygg%F0akj%F6rnum%2C+kyni+og+aldri+1%2E+jan%FAar+1998%2D2011++++%26path=../Database/mannfjoldi/Byggdakjarnar/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>

Heilsa og lífskjör skólanema á Norðaustursvæði. 2006 – 2010. Upplýsingar sendar Attentus –  
mannaúði og ráðgjöf frá skólastjóra Grunnskóla Þórshafnar

*Lög um grunnskóla nr.91/2008.*

Markmið skólans. e.d. Upplýsingar sendar Attentus – mannaúði og ráðgjöf frá skólastjóra  
Grunnskóla Þórshafnar

Reglugerð 1040/2011. Sótt 13. desember 2011 af

<http://stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=ee3c91b7-164b-46ab-9e21-59e3fd3720c2>

Samningur um ráðgjafaþjónustu skólaþjónustu Norðurlands og sveitarfélaga í Nodruþingi .  
2011, janúar. Upplýsingar fengnar á fundi með kennsluráðgjafa.

Sáttmáli. e.d. Eintak afhent starfsmönnum Attentus –mannaúði og ráðgjöf á fundi með  
starfsmönnum skólans ásamt því að auka upplýsingar um sáttmálan voru fengnar frá  
fræðslustjóra sveitarfélagsins í desember 2011.

Skólanámskrá. 2011-2012. Upplýsingar sendar Attentus – mannaúði og ráðgjöf frá  
skólastjóra Grunnskóla Þórshafnar.

Skólastarf á Þórshöfn. e.d. Minnisblað skólastjóra október 2011 sent Attentus – mannaúði og  
ráðgjöf frá skólastjóra Grunnskóla Þórshafnar

Skólaþjónusta Norðurlands. e.d. Sótt 13. desember 2011 af

<http://www.nordurthing.is/is/thjonusta/felagsthjonusta/skolathjonusta>

Starfslýsingar. e.d. Upplýsingar sendar Attentus – mannaúði og ráðgjöf frá skólastjóra  
Grunnskóla Þórshafnar.

Starfstengt nám. e.d. Upplýsingar sendar Attentus – mannaúði og ráðgjöf frá skólastjóra  
Grunnskóla Þórshafnar

Uppeldi til ábyrgðar. e.d. Upplýsingar sendar Attentus – mannaúði og ráðgjöf frá skólastjóra  
Grunnskóla Þórshafnar

Upplýsingar frá skólastjóra. E.d. Gögn send Attentus – mannaúði og ráðgjöf frá skólastjóra  
Grunnskóla Þórshafnar í október, nóvember og desember 2011.

Prepakerfið: uppbygging. E.d. Gögn send Attentus – mannaúði og ráðgjöf af mennta- og  
menningarmálaráðuneytinu.

## VIÐAUKAR

### *Viðauki 1 – Viðmiðunarstundaskrá og skipting kennslustunda í Grunnskóla Þórshafnar*

*Tafla 4. Viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár 2011*

| Námsgreinar, námssviðmið  | Heildartími<br>í 1. - 4.<br>bekk.<br>Mínútur á<br>viku | Heildartími í<br>5. - 7. bekk.<br>Mínútur á<br>viku | Heildartími<br>í 8. - 10.<br>bekk.<br>Mínútur á<br>viku | Heildartími<br>í 1. - 10.<br>bekk.<br>Mínútur á<br>viku | Hlutfall |
|---|--|---|---|---|----------|
| Íslenska, íslenska sem annað<br>tungumál og íslenskt táknmál                  | 1600   | 840   | 840   | 3280  | 24,5%    |
| Erlend tungumál; enska,<br>danska eða önnur<br>Norðurlandamál                 |  | 480   | 960   | 1.440   | 10,5%    |
| List- og verkgreinar  | 760  | 480   |   | 1.240   | 9%       |
| Náttúrugreinar  | 320  | 320   | 280   | 920   | 7%       |
| Skólaíþróttir   | 480  | 360   | 360   | 1.200   | 9%       |
| Samfélagsgreinar,<br>trúarbragðafræði, lífsleikni,<br>jafnréttismál, siðfræði | 520  | 680   | 520   | 1.720   | 13%      |
| Stærðfræði  | 960  | 720   | 720   | 2.400   | 18%      |
| Upplýsinga- og tæknimennt   | 160  | 120   | 120   | 400   | 3%       |
| Til ráðstöfunar /Val  |  | 200   | 640   | 840   | 6%       |
| Alls  | 4.800  | 4.200   | 4.440   | 13.440  | 100%     |



*Tafla 5. Tafla Skipting kennslustunda í Grunnskóla Þórshafnar*

| Námssgreinar, námssviðmið   | Heildartími í 1. - 4. bekk. Mínútur á viku | Heildartími í 5. - 7. bekk. Mínútur á viku | Heildartími í 8. - 10. bekk. Mínútur á viku | Heildartími í 1. - 10. bekk. Mínútur á viku | Hlutfall |
|---|--|--|---|---|----------|
| Íslenska, íslenska sem annað tungumál og íslenskt táknmál               | 1120                                       | 680  | 630   | 2430  | 18%      |
| Erlend tungumál; enska, danska eða önnur Norðurlandamál                 | 80   | 460  | 840   | 1380  | 10%      |
| List- og verkgreinar  | 900  | 840  | 340   | 2080  | 15%      |
|   |  |  |   |   |          |
| Náttúrugreinar  | 420  | 340  | 360   | 1120  | 8%       |
| Skólaíþróttir   | 480  | 360  | 360   | 1200  | 9%       |
| Samfélagsgreinar, trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál, siðfræði | 580  | 600  | 360   | 1540  | 11%      |
|   |  |  |   |   |          |
| Stærðfræði  | 800  | 600  | 600   | 2000  | 15%      |
| Upplýsinga- og tæknimennt   | 120  | 160  | 80  | 360   | 3%       |
|   |  |  |   |   |          |
| Til ráðstöfunar /Val  | 300  | 160  | 870   | 1330  | 10%      |
| Alls  | 4800                                       | 4200                                       | 4440  | 13440                                       | 100%     |

**Viðauki 2. Menntun og starfsaldur stjórnenda og kennara.**

| <b>Staða</b>                | <b>Starfsaldur v/<br/>skólann</b> | <b>Menntun</b>   |
|-----------------------------|-----------------------------------|--|
| Skólastjóri                 | 1 ár                              | BA í félagsfræði frá HÍ<br>Uppeldis- og kennslufræði frá HA<br>Náms- og starfsráðgjöf frá HÍ                                       |
| Deildarstjóri<br>sérkennslu | 5 ár                              | Þroskaþjálfari, fötlunarfræðingur, grunnskólakennari<br>og með 20 einingar í sérkennslu.   |
| Kennari 1                   | Hóf störf haustið<br>2011         | Grunnskólakennari frá HA   |
| Kennari 2                   | 6 ár                              | Grunnskólakennari frá HA   |
| Kennari 3                   | 10 ár                             | Grunnskólakennari frá HA   |
| Kennari 4                   | 3 ár                              | Grunnskólakennari frá HA   |
| Kennari 5                   | 14 ár                             | Grunnskólakennari.<br>Hússtjórnaskólapróf.<br>Námskeið tengd faginu.   |
| Kennari 6                   | 14 ár                             | Grunnskólakennari  |
| Kennari 7                   | Hóf störf haustið<br>2011         | Íþróttakennari   |
| Kennari 8                   | Hóf störf haustið<br>2011         | Leikskólakennari   |
| Kennari 9                   | 1 ár                              | BA í sálfræði frá HA<br>Uppeldis- og kennslufræði frá HA   |
| Kennari 10                  | 1 ár                              | BA í heimspeki hagfræði og stjórn málafræði frá<br>Bifröst.<br>Uppeldis- og kennslufræði frá HR.<br>í meistaranámi í Evrópufræðum. |
| Leiðbeinandi 1              | Hóf störf haustið<br>2011         | Kerfisfræðingur  |
| Leiðbeinandi 2              | Hóf störf haustið<br>2011         | Er að ljúka BA í ensku og dönsku frá HÍ.   |
| Leiðbeinandi 3              | Hóf störf haustið<br>2011         | Er að ljúka BA prófi í tónlist.  |

### ***Viðauki 3 – Val í boði utan stundaskrár í 8. – 10. bekk***

**Námsráðgjöf 4 kennslustundir**

Puríður Lilja Rósenbergsdóttir, námsráðgjafi.

**Skyndihjálparnámskeið 5 kennslustundir**

Kristján Jónsson, kennari.

**Handmennt / smíðar og saumar 8 kennslustundir**

Hrafngerður Elíasdóttir, handmenntakennari / leiðbeinandi.

**Vélfræði / Járnsmíði 8 kennslustundir**

Oddur Skúlason, vélfræðingur / leiðbeinandi.

**Útileikir 6 kennslustundir**

Anna Rún Kristjánsdóttir, íþróttakennari.

**Björgunarsveitarval 4 kennslustundir**

Siggeir Stefánsson, björgunarsveitarmaður.

**Survivor (6 – 10. bekkur). 30 kennslustundir**

Vilborg Stefánsdóttir, umsjónarkennari 10. bekk.

**Matreiðslunámskeið (6. – 10. bekkur). 8 kennslustundir**

Karen Konráðsdóttir, matráður.

**Tónlist metin sem val. 54 kennslustundir**

Kadri Laube, tónlistarkennari.

**Vinna utan skóla metin sem val.**

Ísfélagið, Siggeir Stefánsson.

Gámaþjónustan, Guðmundur Hólm.

N1, Sóley Indriðadóttir.

Samkaup, Oddný Kristjánsdóttir.

**Reiðnámskeið (ADHD og langveik). 12 tímar**

Ágúst Marínó Ágústsson, reiðkennari.

Ragnar Skúlason, íþróttakennari

## Viðauki 4 - Prepakerfið, - grunnur.

### Myndrit 5. Prepakerfið, - grunnur.

| Prep                     | Kröfur til nemandans   | Réttindi / Skyldur  | Til að hækka um þrep   |
|--------------------------|--|---|--|
| Fimmta þrep<br>FYRIRMYND | Er jákvæð og góð fyrirmynd annarra<br>Er tilbúinn til að aðstoða aðra.<br><br>Kröfur fyrri þrepa gilda áfram   | Aukinn aðgangur að Saga class<br>Valtími 2 tímar á viku (stýrt val)<br>Umbun frá foreldrum<br>Umbun frá samfélaginu; starfskynning 1 dag að „eigin vali“<br>Óvissuferð að vori<br>Fyrirmyndar nemandi           |  |
| Fjórða þrep<br>ÁBYRGÐ    | Leggur sig fram um að skapa jákvæðan og uppbyggilegan anda í skólanum, hefur jákvæða viðleitni til skólans og þess sem þar fer fram.<br>Tekur ábyrgð á eigin námi og hegðun.<br>Kröfur fyrri þrepa gilda áfram | Aðstoðarkennari í yngri bekk<br>Skólaheimsókn, Bakkafjörður, Svalbarð, Raufarhöfn<br>Eftirlitslaus í tölvuveri<br>Valtími 1 tími í viku (stýrt val)<br>Takmarkaður aðgangur að Saga class                       | Er öðrum nemendum jákvæð fyrirmynd<br>Leggur sig fram í námi og vill standa sig<br>Leggur sig fram um að öllum líði vel<br><br>Nemandi getur sótt um að hækka um þrep þegar hann hefur staðist þessi viðmið í tvo mánuði |
| Þriðja þrep<br>ÞÁTTTAKA  | Fer eftir reglum skólans<br><br><i>Vinna og virðing</i>  | Hefur öll almenn réttindi í skólanum  | Er til fyrirmyndar hvað varðar nám og hegðun<br><br>Nemandi getur sótt um að hækka um þrep þegar hann hefur staðist viðmið í einn mánuð  |
| Annað þrep<br>AÐLÖGUN    | Fer eftir reglum skólans<br><br><i>Vinna og virðing</i>  | Er útilokaður frá sumum námsgreinum<br>Er útilokaður frá frímínútum<br>Er útilokaður úr félagsstarfi á vegum skólans<br>Skilar dagbók í lok hvers skóladags þar sem kennarar kvitta fyrir hegðun í hverjum tíma | Hefur tileinkað sér hegðun sem samræmist þriðja þrepi<br>Nemandi getur sótt um til umsjónarkennara að hækka um þrep þegar hann hefur staðist viðmið í eina viku  |
| Fyrsta þrep<br>BYRJUN    | Fer að reglum 3ja þreps og sýnir fram á að hann/hún geti framfylgt þeim  | Mætir til stuðningsaðila í upphafi skóladags<br>Er í einvist og sinnir náminu undir eftirliti<br>Er útilokaður frá samskiptum við skólafélaga<br>Er útilokaður frá íþrótt- og tómstundastarfi                   | Er tilbúinn til samstarfs og skrifar undir samning þar sem hann ákveður að fara eftir skólareglum<br>Nemandinn getur sótt um að hækka um þrep þegar hann hefur staðist þessi viðmið í 3 daga                             |